



---

BANKASÝSLA RÍKISINS

*Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins  
2016*



*Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins*  
*2016*

2016

---

**Efnisyfirlit**

|   |           |
|---|-----------|
| <b>SKILGREININGAR .....</b>   | <b>3</b>  |
| <b>INNGANGUR .....</b>  | <b>4</b>  |
| <b>STARFSEMI BANKASÝSLUNNAR .....</b>   | <b>7</b>  |
| ■ <b>LÖGBUNDIÐ HLUTVERK OG VERKEFNI .....</b>   | <b>7</b>  |
| ■ <b>FRAMKVÆMD EIGENDASTEFNU RÍKISINS.....</b>  | <b>12</b> |
| ■ <b>STJÓRN OG STARFSMENN .....</b>   | <b>15</b> |
| ■ <b>VALNEFND.....</b>  | <b>15</b> |
| ■ <b>LISTI YFIR STJÓRNARMENN BANKASÝSLUNNAR SEM KJÖRNIR VORU Á AÐALFUNDUM 2016.....</b> | <b>15</b> |
| <b>REKSTUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á ÁRINU 2015.....</b>                                     | <b>21</b> |
| ■ <b>REKSTUR VIÐSKIPTABANKANNA 2015 .....</b>   | <b>21</b> |
| ■ <b>REKSTRARREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA.....</b>                                      | <b>28</b> |
| ■ <b>EfNAHAGSREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA .....</b>                                     | <b>33</b> |
| ■ <b>ARION BANKI .....</b>  | <b>36</b> |
| ■ <b>ÍSLANDBANKI .....</b>  | <b>38</b> |
| ■ <b>LANDSBANKINN .....</b>   | <b>40</b> |
| ■ <b>SPARISJÓÐUR AUSTURLANDS HF. ....</b>   | <b>42</b> |

---

## Skilgreiningar

|                                |   |
|--------------------------------|---|
| Arion banki                    | Arion banki hf.   |
| Bankasýslan                    | Bankasýsla ríkisins   |
| FME                            | Fjármálaeftirlitið  |
| Glitnir                        | Glitnir hf. (áður Glitnir banki hf.)  |
| Íslandsbanki                   | Íslandsbanki hf.  |
| Kaupþing                       | Kaupþing hf. (áður Kaupþing banki hf.)  |
| Landsbankinn                   | Landsbankinn hf. (áður NBI hf.)   |
| LBI                            | LBI hf. (áður Landsbanki Íslands hf.)   |
| Lög um Bankasýsluna            | Lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins  |
| Lög um fjármálafyrirtæki       | Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki   |
| Lög um hlutafélög              | Lög nr. 2/1995 um hlutafélög  |
| Lög um sölumeðferð eignarhluta | Lög nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármála-<br>fyrirtækjum |
| m.kr.                          | Milljónir króna   |
| ma.kr.                         | Milljarðar króna  |
| Seðlabankinn                   | Seðlabanki Íslands  |
| TIF                            | Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta                                   |
| þ.                             | Þúsund  |
| þús.kr.                        | Þúsundir króna  |
| VLF                            | Verg landsframleiðsla   |

---

## Inngangur


Bankasýsla ríkisins gefur nú í sjöunda sinn út ársskýrslu sína í samræmi við 8. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88 frá 18. ágúst 2009, en þar segir að „Bankasýsla ríkisins [skuli] gefa [fjármála- og efnahagsráðherra] ítarlega skýrslu um starfsemi sína fyrir 1. júní ár hvert“. Með þessari skýrslu birtir Bankasýslan í fjórða sinn ársskýrslu sína eingöngu með rafrænum hætti. Er í skýrslunni fjallað um starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2015 og þar með talið aðalfundi þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhluti í og haldnir voru á tímabilinu frá 17. mars til 22. apríl 2016. Í árslok 2014 fór stofnunin með 14,0% af bókfærðu virði eigna A-hluta ríkissjóðs, eða samtals 163,5 ma.kr., eins og sjá má í töflu 1.

**Tafla 1. Efnahagsreikningur A-hluta ríkissjóðs 31. desember, 2014 (fjárhæðir í ma.kr.)**


| <b><u>Eignarliðir</u></b>                  | <b><u>Fjárhæð</u></b> | <b><u>Hlutfall</u></b> |
|--|-----------------------|------------------------|
| Arion banki                                | 9,9                   | 0,8%                   |
| Íslandsbanki                               | 6,3                   | 0,5%                   |
| Landsbankinn                               | <u>146,9</u>          | <u>12,6%</u>           |
| Eignarhlutir í viðskiptabönkum             | 163,1                 | 14,0%                  |
| Eignarhlutir í sparisjóðum                 | <u>0,4</u>            | <u>0,0%</u>            |
| Samtals eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum | 163,5                 | 14,0%                  |
| Aðrar eignir                               | <u>1.004,3</u>        | <u>86,0%</u>           |
| Samtals eignir                             | 1.167,8               | 100,0%                 |

Árið 2015 var afar viðburðarríkt hjá stofnuninni. Á vettvangi viðskiptabankanna bar hæst breyting á eignarhaldi ríkissjóðs á Íslandsbanka. Eftir að tilkynning birtist 20. október 2015 um að kröfuhafahópur Glitnis hafði lagt til breytingar á tillögu sinni um stöðugleikaframlag félagsins til ríkisins í tengslum við heildstæða áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta þess efnis að öllum eignarhlut Glitnis í Íslandsbanka verði afsalað til ríkisins varð ljóst að Bankasýslan myndi fara með eignarhlutinn. Yfirfærsla eignarhlutarins átti sér stað í janúarmánuði. Mynd 1 sýnir hlutdeild ríkisins í undirliggjandi bókfærðu eigin fé viðskiptabanka (þ.e. Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans) í samanburði við önnur ríki í Evrópu eins og hann var í árslok 2015 og að teknu tillit til yfirfærslu eignarhlutar Glitnis í Íslandsbanka. Myndin sýnir annars vegar hlut ríkisins sem hlutfall af opinberum skuldum í árslok 2015 og hins vegar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) sama árs. Myndin sýnir glögggt hversu fjárbinding ríkissjóðs í eignarhlutum í viðskiptabönkum er gríðarlega há í samanburði við önnur ríki Evrópu. Þanni jókst hún á milli 2014 og 2015 úr 13,8% í 21,9% sem hlutfall af VLF, en hlutfallið var 3,6% í árslok 1997, þegar ríkissjóður átti allt hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf., Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Landsbanka Íslands hf., eins og sjá má á mynd 2.

**Mynd 1: Hluttur ríkissjóða í Evrópu í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka í þeirra eigu í árslok 2015 <sup>1</sup>**



**Mynd 2: Hluttur ríkissjóðs í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka sem hlutfall af VLF 1997-2015**



<sup>1</sup> Heimild: Bankasýsla ríkisins, Hagstofa Íslands, Statice og ársskýrslur undirliggjandi banka. Bókfært eigið fé hluthafa og skuldir hins opinbera (Maastricht skilgreiningin) í árslok 2015 og verg landsframléiðsla á árinu 2015.

Þá tók Bankasýslan fyrstu skrefin í sölu eignarhluta ríkisins í Landsbankanum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 birtust áform stjórnvalda um að selja hlut í Landsbankanum. Í framhaldi af framlagningu frumvarpsins ritaði stofnunin fjármála- og efnahagsráðherra bréf þann 9. september sl. og birti stöðuskýrslu um hugmyndir stofnunarinnar í tengsum við fyrirhugaða sölumeðferð 8. janúar sl.

Árið 2015 var einnig viðburðarríkt á vettvangi sparisjóðanna. Tveir sparisjóðir, Sparisjóður Vestmannaeyja ses. og Sparisjóður Norðurlands ses., sameinuðust Landsbankanum. Við samrunana jókst eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum úr 97,9% í 98,2%.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar var undir áætlunum. Samtals rekstrarkostnaður á árinu 2015 var 56,4 m.kr., en fjárheimildir námu 60,1 m.kr. Lækkaði rekstrarkostnaður á milli ára, en á árinu 2014 var samtals rekstrarkostnaður 74,5 m.kr.

---

## Starfsemi Bankasýslunnar

### ■ Lögbundið hlutverk og verkefni

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga um Bankasýsluna „fer [stofnunin] með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum“.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í þremur viðskiptabönkum og einum sparisjóð. Bankasýslan fer nú með 13,0% hlutafjár í Arion banka hf. (Arion banka), með allt hlutafé í Íslandsbanka hf. (Íslandsbanka) og 98,2% hlutafjár í Landsbankanum hf. (Landsbankinn), en hlutur stofnunarinnar í hlutafé bankans jókst úr 97,9% í árslok 2014 í 98,2% þann 28. september 2015 við fyrrgreinda samruna<sup>2</sup>. Stofnunin fer jafnframt með 49,5% hlutafjár í Sparisjóði Austurlands hf. (áður Sparisjóður Norðfjarðar ses.).

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga um Bankasýsluna skal stofnunin í starfsemi sinni „leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings“.

Bankasýslan útfærði lögbundið hlutverk sitt með þrennum hætti í framtíðarstefnu sem birt var 16. mars 2012: (a) eigendahlutverk, (b) endursöluhlutverk og (c) endurreisnarhlutverk. Með endurreisnarhlutverki sínu hefur Bankasýslan sett sér það markmið að vera virkur aðili í miðlun þekkingar og umræðu um lausnir í íslenska bankakerfinu, jafnt gagnvart íslensku samfélagi sem alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Bankasýslan hefur jafnframt lagt mikla áherslu á að tryggja gagnsæi í allri ákvörðunartöku. Í skýrslunni eru t.d. birtar niðurstöður allra funda hluthafa og stofnfjáreigenda viðkomandi fjármálafyrirtækja. Gerir stofnunin jafnframt grein fyrir því hvernig hún fer með atkvæði ríkissjóðs á þessum fundum við afgreiðslu tillagna.

### Eignarhlutir ríkisins

Skv. a-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð fara með eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum og félögum, sbr. 1. gr. [laganna]“ og skv. b-lið „[a]ð sjá um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í og tengjast eigendahlutverki þess [og fara samskiptin] fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna“. Fundað er með nýjum stjórnarmönnum þegar þeir taka sæti í stjórn og þeim kynnt löggin um Bankasýsluna, eigendastefnu ríkisins og áherslur og framtíðarsýn Bankasýslunnar. Stofnunin leggur áherslu á góð samskipti við fulltrúa sína í stjórnnum, meðeigendur að fjármálafyrirtækjum, sem hún fer með eignarhlut í, sem og stjórnendur fjármálafyrirtækjanna.

Skv. c-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma“. Verður nánar fjallað um framkvæmd hennar í næsta hluta skýrslunnar.

---

<sup>2</sup> Sjá Ársskýrslu Bankasýslu ríkisins 2015.



## Fundir hluthafa

### *Inngangur*

Skv. d-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna fer stofnunin með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja og á fundum stofnfjáreigenda sparisjóða. Skv. 51. gr. laga um fjármálafyrirtæki skulu stjórnir viðskiptabanka og sparisjóða skipaðar eigi færri en fimm mönnum. Bankasýsla ríkisins hefur rétt á því að tilnefna einn fulltrúa í stjórn Arion banka, en Kaupskil ehf., sem fer með 87,0% eignarhlut, hefur rétt á því að tilnefna aðra fulltrúa í stjórn bankans. Bankasýsla ríkisins hefur einnig rétt á því að tilnefna alla sjö fulltrúa í stjórn Íslandsbanka en Glitnir afhenti 95,0% eignarhlut sinn í Íslandsbanka til íslenska ríkisins sem hluta af stöðugleikaframlagi sínu, eins og síðar verður fjallað um. Bankasýsla ríkisins hefur rétt á því að tilnefna alla sjö fulltrúa í stjórn Landsbankans. Fer stofnunin nú með 98,2% eignarhlut í bankanum. Stofnunin tilnefnir tvo stjórnarmenn í Sparisjóði Austurlands hf og einn varamann. Aðrir hluthafar hafa rétt til þess að tilnefna aðra stjórnarmenn.

Á tímabilinu 30. júní 2015 – 22. apríl 2016 voru haldnir tveir hluthafafundir utan hefðbundinna aðalfunda.

Þann 11. ágúst 2015 var haldinn stofnfjárhafafundur í Sparisjóði Norðurlands þar sem samþykkt var tillaga um að Sparisjóður Norðurlands ses. og Landsbankinn yrðu sameinaðir undir nafni og kennitölu Landsbankans hf. og var tillagan samþykkt með 79,25% atkvæða. Þann 26. ágúst fór fram hluthafafundur í Arion banka þar sem fram fór kynning á viðskiptaáætlun bankans.

Á tímabilinu 16. mars – 22. apríl 2016 voru haldnir aðalfundir allra viðskiptabankanna og Sparisjóðs Austurlands vegna rekstrarársins 2015. Verður hér gerð nánari grein fyrir þeim. Aðalfundur Arion banka var haldinn 17. mars í höfuðstöðvum bankans, Aðalfundur Sparisjóðs Austurlands hf. var haldinn í safnahúsinu Neskaupstað, þriðjudaginn 12. apríl. Aðalfundur Landsbankans var haldinn 14. apríl á Hilton Reykjavík Nordica, aðalfundur Íslandsbanka 19. apríl á Grand hótél, framhaldsaðalfundur Landsbankans var loks haldinn 22. apríl í höfuðstöðvum bankans.

### *Aðalfundur Arion banka*

Á aðalfundi Arion banka voru eftirfarandi aðilar kosnir í stjórn: Kirstín Þ. Flygenring, sem er fulltrúi Bankasýslu ríkisins, og Benedikt Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason, Guðrún Johnsen, Måns Höglund, Monica Caneman og Þóra Hallgrímsdóttir, sem eru fulltrúar Kaupskila ehf., sem fer með 87,0% eignarhlut. Varamenn voru kjörnir Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, sem er fulltrúi Bankasýslunnar, Ólafur Örn Svansson og Björg Arnardóttir, sem eru fulltrúar Kaupskila ehf. Á fundinum voru samþykktar tillögur um að greiða ekki arð til hluthafa, um þóknun stjórnar og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu, sem var óbreytt frá fyrra ári. Bankasýsla ríkisins greiddi atkvæði gegn tillögu um þóknun stjórnar og lét færa bókun þar um að hækkunin sem fælist í umræddri tillögu samræmdist ekki eigandastefnu ríkisins. Jafnframt ítrekaði stofnunin fyrri bókanir um mikilvægi þess að jafnræðis væri gætt á milli stjórnarmanna hvort sem þeir hafa aðsetur á Íslandi eða ekki. Bankasýslan sat hjá við atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu. Aðrar tillögur voru samþykktar einróma.

Deloitte hf. er endurskoðandi Arion banka.

### *Aðalfundur Landsbankans*

Aðalfundur Landsbankans fór fram þann 14. apríl sl. Bankasýsla ríkisins fór með 98,2% hlut í bankanum þegar aðalfundur var haldinn, og eru því allir stjórnarmenn fulltrúar stofnunarinnar. Á fundinum voru

einróma samþykktar tillögur um útgreiðslu arðs, sem nam 1,2 kr. á hlut fyrir árið 2015, sem samsvarar um 28,5 ma.kr., um þóknun stjórnar, tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og heimild til kaupa á eigin hlutum. Kosningu stjórnar var frestað til framhaldsaðalfundar þann 22. apríl þar sem einn frambjóðandi dró framboð sitt til baka. Einnig samþykkti fundurinn tillögu um að bankaráði verið falið að setja í starfsreglur sínar ákvæði um samkeppnislegt sjálfstæði Landsbankans gagnvart öðrum viðskiptabönkum í eigu ríkisins. Fundurinn samþykkti jafnframt að Ríkisendurskoðun verði endurskoðandi bankans fyrir fjárhagsárið 2016 lögum skv. en Grant Thornton er endurskoðandi bankans skv. samkomulagi við Ríkisendurskoðun.

Á framhaldsaðalfundi Landsbankans sem fór fram þann 22. apríl sl. voru eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn: Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður, Berglind Svavarsdóttir, Danielle Pamela Neben, Einar Þór Bjarnason, Hersir Sigurgeirsson, Jón Guðmann Pétursson og Magnús Pétursson. Varamenn voru kjörnir Ásbjörg Kristinsdóttir og Samúel Guðmundsson.

#### *Aðalfundur Íslandsbanka*

Á aðalfundi Íslandsbanka þann 19. apríl var samþykkt að greiða 50% af hagnaði síðasta árs í arð sem samsvarar 10 ma.kr. Ennfremur voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn, Friðrik Sophusson, stjórnarformaður, Árni Stefánsson, Anna Þórðardóttir, Auður Finnbogadóttir, Hallgrímur Snorrason, Heiðrún Jónsdóttir og Helga Valfells. Varamenn voru kjörnir Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson. Á fundinum voru einnig samþykktar tillögur um þóknun stjórnar og um starfskjarastefnu. Einnig var samþykkt tillaga um breytingu á samþykktum bankans vegna breytts heimilisfangs og varnarþings. Einnig var samþykkt að Ríkisendurskoðun verði kjörin endurskoðandi bankans til næstu fimm ára í samræmi við 2. mgr. 6. gr. I. um Ríkisendurskoðun. Á aðalfundi 2015 var Ernst og Young ehf. kjörið sem endurskoðandi til fimm ára og sinnir félagið því áfram skv. samkomulagi við Ríkisendurskoðun.

#### *Aðalfundur Sparisjóðs Austurlands hf.*

Aðalfundur Sparisjóðs Austurlands hf. fyrir starfsárið 2015 var haldinn þann 12. apríl sl.

Á fundinum var samþykkt tillaga um að greiða ekki arð, óbreytt starfskjarastefna en einnig var samþykkt tillaga um að hækka laun stjórnarmanna úr 75.000 kr. í 90.000 kr. og þiggur stjórnarformaður tvöföld stjórnarlaun. Laun varamanna hækka sömuleiðis úr 25.000 kr. í 40.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

Í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. voru kjörin þau Regína Fanný Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson sem eru fulltrúar Bankasýslu ríkisins. Aðrir stjórnarmenn eru Jón Einar Marteinson, Jón Björn Hákonarson og Jóna Árný Þórðardóttir. Varamenn eru Valdimar O. Hermannsson og Guðmundur J. Skúlason.

Enor er endurskoðandi Sparisjóðs Austurlands hf.

#### **Samningar við stjórnir fyrirtækja**

Skv. e-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra [og setja] þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg vegna eiginfjárframlaga [og birta útdrætti] úr samningum opinberlega 12 mánuðum eftir að þeir hafa verið gerðir“. Þann 16. desember 2010 var gerður samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans, sem er enn í gildi. Skv. f-lið

4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin einnig „[a]ð fylgjast með að settum markmiðum í samningum verði náð“. Skv. lið 5.5. í samningnum milli Bankasýslunnar og Landsbankans er kveðið á um að fara skuli yfir samninginn árlega og að bankinn skuli skila skriflegri skýrslu til stofnunarinnar um hvernig til tókst í kjölfar birtra ársuppgjöra. Samningaviðræður um endurskoðun á þessum samningi við Landsbankann eru komnar af stað og stefnt að ljúka þeim á þessu ári. Einnig er fyrirhugað á næstu mánuðum að hefja samningsviðræður við Íslandsbanka um slíkan samning með það að markmiði að ljúka þeim á þessu ári.

### **Tillögur um fjármögnun, endurskipulagningu og sölu eignarhluta**

Skv. g-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð gera tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða stofnunarinnar“. Bankasýslan lagði ekki fram tillögur um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á árinu 2015 og hefur heldur ekki gert það á árinu 2016.

Skv. h-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð meta og setja skilyrði um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja með hliðsjón af hlutverki og markmiðum stofnunarinnar og eigendastefnu ríkisins“. Eins og áður hefur komið fram runnu bæði Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Norðurlands saman við Landsbankann hf. á árinu 2015. Sá fyrri með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dag. 28. mars 2015 og sá síðari með samþykki Samkeppniseftirlitsins dags. 4. september 2015 með vísan í að um fyrirtæki á fallanda fæti væri að ræða.

Skv. i-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu á almennum markaði með hliðsjón af markmiðum stofnunarinnar og í samræmi við gildandi lög og markmið um dreifða eignaraðild“, og skv. j-lið laganna „[a]ð undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum“. Þann 9. september 2015 sendi stofnunin fjármála- og efnahagsráðherra bréf þar sem stofnunin kynnti þau áform sín að hefja undirbúning að sölu eignarhluta ríkisins í Landsbankanum hf. Þann 8. janúar 2016 birti Bankasýslan stöðuskýrslu vegna fyrirhugaðrar sölu á eignarhlut í Landsbankanum hf. Einnig auglýsti stofnunin í samvinnu við Ríkiskaup eftir ráðgjöfum til aðstoðar við fyrirhugaða sölu á eignarhlut í Landsbankanum. Bankasýslan hefur því ekki enn gert tillögu um sölu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um sölumeðferð eignarhluta. Á þessari stundu er gert ráð fyrir því að slík tillaga verði ekki lögð fram af hálfu stofnunarinnar fyrr en að loknum þingkosningum.

### **Samkeppnissjónarmið**

Skv. 1. mgr. 5. gr. laga um Bankasýsluna „skal [stofnunin] í starfsemi sinni og við meðferð eignarhluta ríkisins kappkosta að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. með því að stuðla að því að öflug og virk samkeppni ríki milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins“.

Skv. 2. mgr. 5. gr. laga um Bankasýsluna „skal þess [við starfsemi stofnunarinnar] vandlega gætt að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja“.

Leggur stofnunin ríka áherslu á þessi samkeppnissjónarmið í starfsemi sinni. Í tengslum við framsal Glitnis á 95% hlutafjár í Íslandsbanka til ríkissjóðs undirritaði Bankasýslan ríkisins sátt við Samkeppniseftirlitið, sem m.a. kveður á um samkeppnislegt sjálfstæði fjármálafyrirtækja sem stofnunin fer með eignarhluti í. Verður gerð nánari grein fyrir sáttinni í næstu ársskýrslu stofnunarinnar.

## ■ Framkvæmd eigendastefnu ríkisins

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga um Bankasýsluna, fer „Bankasýsla ríkisins [með] eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við.. eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma“. Skv. c-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma“.

Eigendastefna ríkisins var birt 1. september 2009.<sup>3</sup> Er stefnan fjórþætt og fjallar um markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins, meginreglur sem ríkið setur sér sem eigandi og loks kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja, sem ríkið á hluti í. Verður hér fjallað um hvern þátt og hvernig Bankasýsla ríkisins hagaði starfsemi sinni á nýliðnu starfsári í samræmi við eigendastefnu ríkisins.<sup>4</sup>

### Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum

Ef fyrst er litið til markmiða ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, þá lýtur það þremur meginmarkmiðum og fjórum undirmarkmiðum, skv. eigendastefnunni. Eitt af meginmarkmiðunum er að byggja upp traust og trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði. Sem dæmi má nefna, að til að gegna endurreisnarhlutverki sínu setti Bankasýsla ríkisins sér það markmið í framtíðarstefnu sinni, að vera virkur aðili í miðlun þekkingar og umræðu um lausnir í íslenska bankakerfinu, jafnt gagnvart íslensku samfélagi sem alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Stofnunin birti þann 8. janúar 2016 stöðuskýrslu varðandi fyrirhugaða sölu á eignarhlut ríkisins í Landsbankanum hf. og var hluti hennar jafnframt gefin út í enskri þýðingu. Stofnunin hefur einnig lagt ríka áherslu á að rita vandaðar umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp.

Annað af meginmarkmiðum ríkisins með eignarhaldi er að það fái arð af því fé, sem það lagði til fjármálafyrirtækja. Kom þetta markmið einnig skýrt fram í framtíðarstefnu Bankasýslunnar frá 16. mars 2012 og í ársskýrslum stofnunarinnar undanfarin ár. Bankasýslan sem og meðeigendur ríkisins í viðskiptabönkunum hafa kallað eftir því að stjórnir þeirra móti sér arðgreiðslustefnu. Á árinu 2013 greiddu bæði Íslandsbanki og Landsbankinn í fyrsta skipti arð. Á árinu 2014 greiddu hins vegar allir bankarnir arð að samtals fjárhæð 32,0 ma.kr. Á árinu 2015 greiddu svo bankarnir arð að samtals fjárhæð 45,8 ma.kr. Á þessu tímabili jukust arðgreiðslur viðskiptabankana úr 13,1 ma.kr. árið 2013 í 45,8 ma.kr. á árinu 2015 og á sama tímabili jókst hlutur ríkisins í arðgreiðslunum úr 10,0 ma.kr. í 25,6 ma.kr. Á árinu 2016 hafa bæði Íslandsbanki og Landsbanki ákveðið að greiða arð. Íslandsbanki greiðir 10,0 ma.kr. arðgreiðslu sem rennur öll til ríkissjóðs og Landsbankinn 28,5 ma.kr. og renna 28,0 ma.kr. í ríkissjóð. Arion banki greiðir ekki arð á árinu 2016. Með arðgreiðslum hefur stofnunin endurheimt 68,5% af 138,2 ma.kr. í upphaflegu hlutfjárframlagi ríkissjóðs til viðskiptabankanna þriggja. Í töflu 2 má sjá samantekt yfir arðgreiðslur viðskiptabankanna frá stofnun.

<sup>3</sup> Þess má geta að skjalið heitir Eigendastefna ríkisins, þrátt fyrir að lögin vitni í eigendastefnu ríkisins

<sup>4</sup> Þess má geta að 24. ágúst 2012 birti fjármálaráðuneytið ritið *Almenn eigendastefna ríkisins: Hlutfélag og sameignarfélög*. Almenna eigendastefna ríkisins tekur enn sem komið er einungis til þeirra aðila sem falla undir E-hluta ríkisreiknings, þ.e. sameignar- og hlutfélaga, sem ríkið á að hálfu eða meirihluta. Hins vegar er það skilningur Bankasýslunnar að birting almennu eigendastefnunnar í ágúst 2012 breyti ekki eigendastefnu ríkisins frá september 2009. Eigendastefna ríkisins er nú til endurskoðunar hjá ráðherra.

**Tafla 2: Arðgreiðslur viðskiptabankanna frá stofnun (fjárhæðir í ma.kr.)**

|   | <u>Arion banki</u> | <u>Íslandsbanki</u> | <u>Landsbankinn</u> | <u>Samtals</u> |
|---|--------------------|---------------------|---------------------|----------------|
| <i>Samtals arðgreiðslur</i>             |                    |                     |                     |                |
| Á árinu 2013                            | 0,0                | 3,0                 | 10,1                | 13,1           |
| Á árinu 2014                            | 7,8                | 4,0                 | 20,2                | 32,0           |
| Á árinu 2015                            | 12,8               | 9,0                 | 24,0                | 45,8           |
| Á árinu 2016                            | <u>0,0</u>         | <u>10,0</u>         | <u>28,5</u>         | <u>38,5</u>    |
| Samtals frá stofnun                     | 20,6               | 26,0                | 82,8                | 129,4          |
| <i>Hlutur ríkissjóðs í arðgreiðslum</i> |                    |                     |                     |                |
| Á árinu 2013                            | -                  | 0,2                 | 9,9                 | 10,0           |
| Á árinu 2014                            | 1,0                | 0,2                 | 19,7                | 21,0           |
| Á árinu 2015                            | 1,7                | 0,5                 | 23,5                | 25,6           |
| Á árinu 2016                            | <u>0,0</u>         | <u>10,0</u>         | <u>28,0</u>         | <u>38,0</u>    |
| Samtals frá stofnun                     | 2,7                | 10,8                | 81,1                | 94,6           |

Eitt af undirmerkmiddum eigendastefnunnar er að fjármálastofnanir, sem ríkið á eignarhluti í, hagi starfsemi sinni þannig, að rekstur þeirra sé skilvirkur og að markvisst sé unnið að endurskipulagningu. Bankasýsla ríkisins fylgist vandlega með rekstri fjármálafyrirtækja og þróun á lykilþáttum í rekstri þeirra, eins og fjallað er ítarlega um síðar í skýrslunni.

#### **Skipulag eigendahlutverksins innan ríkisins**

Eins og fram kemur í stefnu ríkisins er hlutverk þess gagnvart fjármálamarkaðnum þríþætt: (a) stefnumótunarhlutverk, (b) eftirlitshlutverk og (c) umsýsla eignarhluta. Með lögum um Bankasýsluna og eigendastefnunni hefur Bankasýsla ríkisins verið falin umsýsla eignarhluta til fimm ára frá stofnun hennar. Með eigendastefnu ríkisins og stofnun Bankasýslunnar voru eftirlitshlutverk og eigendahlutverk ríkisins því algjörlega aðskilin.

FME fer ásamt Seðlabankanum með eftirlitshlutverkið, og Alþingi (lagasetningu) og fjármála- og efnahagsráðuneytið (frumvarpasmíð, reglugerðir o.fl.) með stefnumótunarhlutverkið. Hefur því Bankasýslan sem eigandi (eða sá aðili sem fer með eignarhluti ríkisins) fjármálafyrirtækja aðra sýn á málefni fjármálafyrirtækja, heldur en eftirlitsaðilar. Gerir stofnunin t.a.m. athugasemdir við íþyngjandi lagaákvæði í umsögnum um lagafrumvörp og allt aðrar kröfur um rekstrarhagkvæmni og upplýsingagjöf en eftirlitsaðilar.

Þrátt fyrir formlegan aðskilnað þessara hlutverka hefur Bankasýsla ríkisins lagt mikla áherslu á að eiga gott samstarf við þær stofnanir, sem eigendastefnan nefnir að fari með stefnumótunarhlutverkið (Alþingi og ráðuneyti) og eftirlitshlutverkið (FME og Seðlabankinn). Stofnunin ritaði einnig fjölda umsagna um lagafrumvörp á liðnu starfsári en Bankasýslan leitast við að veita umsagnir sem tengjast þeim málefnum sem snerta stofnunina, eða hagsmuni þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhlut í. Þá átti stofnunin einnig fundi og samstarf með ýmsum framkvæmda- og vinnuhópum á vegum stjórnvalda á nýliðnu starfsári.

## Meginreglur, sem ríkið setur sér sem eigandi

Skv. eigendastefnu ríkisins ber Bankasýslu ríkisins í störfum sínum og samskiptum við fjármálafyrirtæki og stjórnir þeirra, að fara eftir ákveðnum meginreglum, sem fulltrúum ríkisins í stjórnnum fjármálafyrirtækjanna ber einnig að hafa í heiðri:<sup>5</sup>

- Jafnræði í starfsemi fjármálafyrirtækja og í samskiptum við hluthafa.
- Gagnsæi í samskiptum ríkisins við fjármálafyrirtæki.
- Helstu tillögur og ákvarðanir eiganda í málefnum sem snerta rekstur fjármálafyrirtækja skulu settar fram, ræddar og bornar upp til samþykkis á aðalfundum þeirra.
- Bankasýsla ríkisins mun, í samvinnu við aðra eigendur ef við á, setja árangursviðmið fyrir fyrirtækin. Stjórnir og bankaráð bera ábyrgð á því að þeim sé fylgt eftir.
- Fjármagnsskipan fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skal taka mið af markmiðum sem ríkið hefur með eignarhaldinu sem og stöðu fyrirtækjanna sjálfra.
- Samsetning stjórna og bankaráða skal taka mið af hæfni og fjölbreytni á grundvelli eðlis og starfsemi hvers fyrirtækis.
- Launafyrirkomulag skal vera gagnsætt og sanngjarnt miðað við almenna framvindu efnahagslífsins og að vel unnin störf stuðli að framgangi.
- Stjórnir og bankaráð skulu vera sjálfstæð gagnvart stjórnendum og framkvæmdastjórn fyrirtækjanna.
- Ætíð skal auglýst í stöður æðstu stjórnenda, svo sem banka- og framkvæmdastjóra.
- Stjórnar- og bankaráðsmenn á vegum ríkisins ættu að vinna eftir skýrum áætlunum og leitast stöðugt við að bæta hæfni sína til að ná settum markmiðum.
- Fjármálafyrirtækin skulu vera meðvituð um samfélagslega ábyrgð sína.
- Starfsmannastefna fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skal leitast við að tryggja virka þátttöku allra sem þar vinna, greinargóða miðlun upplýsinga til starfsfólks og starfsmannalýðræði. Fullt jafnrétti kynja í launamálum og framgangi starfa innan fyrirtækjanna skal sett í öndvegi.

Bankasýsla ríkisins hefur lagt mikla áherslu á að eiga gott samstarf við meðeigendur sína, hvort sem er í viðskiptaböndunum eða í sparisjóðunum.

## Kröfur og viðmið í rekstri fjármálastofnana

Skv. eigendastefnu ríkisins eiga stjórnarmenn og aðrir, sem taka á einhvern hátt þátt í stjórn eða rekstri þessara fyrirtækja fyrir hönd ríkisins, að starfa í samræmi við kröfur og viðmið er lúta að (a) samskiptum ríkisins og fjármálafyrirtækja, sem það á eignarhluti í, (b) stefnumörkun og vinnulagi, (c) starfsháttum bankaráða og stjórna, (d) upplýsingagjöf ríkis og fjármálafyrirtækja, (e) eftirliti, (f) launakjörum og (g) jafnræði og jafnrétti. Nefna má mörg dæmi í starfsemi Bankasýslu ríkisins þar sem ofangreindum viðmiðum var framfylgt.

<sup>5</sup> Heimild: Eigendastefna ríkisins 2009, [https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/Eigendastefna\\_ríkisins\\_01092009.pdf](https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Eigendastefna_ríkisins_01092009.pdf)

## ■ Stjórn og starfsmenn

Yfirstjórn Bankasýslu ríkisins er í höndum þriggja manna stjórnar, sem skipuð er af fjármála- og efnahagsráðherra. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 2. gr. laga um Bankasýsluna. Í stjórn Bankasýslunnar sem skipuð var þann 12. ágúst 2015 sitja þau Lárus L. Blöndal, Hulda Dóra Styrmissdóttir og Sigurjón Örn Þórsson og er Lárus formaður stjórnar. Varamaður í stjórn er Egill Tryggvason.

Forstjóri Bankasýslu ríkisins er Jón G. Jónsson. Forstjóri mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar og annast daglega stjórn hennar ásamt því að ráða starfslið. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórninni á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 3. gr. laga um Bankasýsluna.

Hrafn Árnason og Karl Finnbogason eru sérfræðingar Bankasýslunnar í eignastýringu. Sérfræðingur í eignastýringu hefur eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins, takur þátt í að framfylgja eigendastefnu ríkisins, sér um regluleg samskipti stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki, sem hún fer með eignarhluti í, sér um upplýsingagjöf til eiganda og greiningu á fjárhag og rekstri fjármálafyrirtækjanna.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson er lögfræðingur stofnunarinnar. Lögfræðingur veitir ráðgjöf varðandi ýmis lögfræðileg málefni sem varða Bankasýsluna og starfsemi hennar, leiðir m.a. ritun umsagna um lagafrumvörp og annarra lögfræðilegra skjala.

Hrafn og Þórólfur Heiðar voru ráðnir á árinu 2015 í kjölfar auglýsinga frá Bankasýslunni<sup>6</sup>.

## ■ Valnefnd

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar þriggja manna valnefnd, sem gerir tillögu um stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins þegar tilnefna þarf í stjórnir fyrirtækja á forræði stofnunarinnar, sbr. 7. gr. laga um Bankasýsluna.

Valnefnd Bankasýslu ríkisins, skipa þau Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, formaður, Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og Auður Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent. Nefndin var skipuð 11. mars 2016. Í fyrri valnefnd sem lauk störfum í árslok 2014 sátu Kristín Rafnar, formaður, Friðrik Már Baldursson og Kolbrún Jónsdóttir.

## ■ Listi yfir stjórnarmenn Bankasýslunnar sem kjörnir voru á aðalfundum 2016

### Arion banki

#### *Kirstín Flygenring*

Kirstín Flygenring lauk námi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1980 og MA prófi í hagfræði frá Northwestern University í Illinois í Bandaríkjunum árið 1983. Hún stundaði nám við hagnýta fjölmiðlun við Háskóla Íslands á árunum 1993-1994. Kirstín lauk diplómanámi í evrópskum samkeppnisrétti frá London University árið 2004 og sömuleiðis diplómanámi í verkefnastjórnun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2007.

Kirstín starfar í dag sem sjálfstæður ráðgjafi. Kirstín sat í nefnd um rannsókn á Íbúðalánasjóði á árunum 2011 – 2013. Kirstín var stundakennari og síðan aðjúntkt við Háskóla Íslands á árunum 2007 – 2012 og

---

<sup>6</sup> Hrafn Árnason lét af störfum þann 31. ágúst 2016.



starfaði jafnframt sem sérfræðingur við Rannsóknarstofnun í fjármálum og hagfræði við Háskólann í Reykjavík á árunum 2008-2009. Á árunum 2002-2007 starfaði Kirstín sem hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands. Hún starfaði stuttlega hjá Þjóðhagsstofnun árið 2002 og var hagfræðingur hjá Fiskifélagi Íslands 1995-1998. Á árunum 1989-2000 ritstýrði hún hagfræðiorðasafni hjá FVH-Íslenskri málstöð-HÍ og frá 1986-1989 var hún markaðsstjóri hjá Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna. Á árunum 1984-1986 hafði hún umsjón með markaðs- og skoðanakönnunum hjá Hagvangi hf. og starfaði þar einnig sem ráðgjafi. Kirstín var hagfræðingur hjá OECD 1983-1984 og hagfræðingur hjá Félagi íslenskra iðnrekenda 1980-1981.

Varamaður í stjórn Arion banka er Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir.

## **Íslandsbanki**

### *Friðrik Sophusson, stjórnarformaður*

Friðrik Sophusson hefur víðtæka reynslu og þekkingu á sviði efnahagsmála og stjórnun fyrirtækja. Hann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem og sinnt stjórnarsetu. Friðrik var framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands 1972-1978 þegar hann tók sæti á Alþingi. Friðrik átti sæti í ríkisstjórn 1987-1988, þá sem iðnaðar- og orkumálaráðherra og síðar sem fjármálaráðherra, 1991-1998. Árið 1999 tók Friðrik við starfi forstjóra Landsvirkjunar sem hann gegndi í tæp 11 ár.

Friðrik er með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands.

### *Helga Valfells, varaformaður*

Helga Valfells hefur starfað sem framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins frá árinu 2010 en áður stýrði hún fjárfestingum sjóðsins. Helga hefur m.a. sinnt störfum fyrir Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe og Útflutningsráð Íslands þar sem hún starfaði með fjölmörgum ólíkum útflutningsfyrirtækjum. Hún er frumkvöðull og hefur tekið þátt í stofnun nýsköpunarfyrirtækja og einnig starfað sem aðstoðarmaður viðskiptaráðherra. Hún hefur jafnframt starfað sem ráðgjafi fyrir fjölmörg útflutningsfyrirtæki frá Íslandi, Bretlandi og Kanada.

Helga Valfells er með B.A. gráðu í hagfræði og enskum bókmenntum frá Harvard University og MBA gráðu frá London Business School.

### *Anna Þórðardóttir*

Anna Þórðardóttir hefur setið í stjórn KPMG ehf. og í félagi löggiltra endurskoðenda. Hún situr í stjórn Framtíðarseturs Íslands ehf. Anna starfaði hjá KPMG frá árinu 1988-2015, þar af sem eigandi frá 2009, og bar m.a. ábyrgð á endurskoðun hjá eftirfarandi félögum Reitum, Högum, 365, Baugi Group, Vodafone, Landfestum, Landey, 10-11 og Félagsbústöðum.

Anna stundaði Cand.merc nám í fjármálafræðum við Handelshøjskolen í Århus. Hún er löggiltur endurskoðandi og er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

### *Auður Finnbogadóttir*

Auður Finnbogadóttir hefur víðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Hún hefur meðal annars starfað sem framkvæmdastjóri Lífsverks lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar og MP banka hf. Auður hefur gegnt stöðu stjórnarformanns Samkeppniseftirlitsins og hefur meðal annars

setið í stjórn Framtakssjóðs Íslands, Icelandair Group hf., Landsnets, Norðlenska og Nýja Kaupþings banka hf.

Auður er með B.Sc. í viðskiptafræði með áherslu á alþjóðleg viðskipti frá University of Colorado, MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

#### *Árni Stefánsson*

Árni Stefánsson hefur mikla stjórnunarreynslu tengdri stóriðju á Íslandi. Hann starfar sem framkvæmdastjóri hjá Rio Tinto Alcan. Árni hefur áður starfað sem framkvæmdastjóri hjá Norðuráli Grundartanga, deildarstjóri hjá Landsneti og yfirmaður netrekstrar hjá Landsvirkjun.

Hann hefur starfað hjá Landsneti frá stofnun þess frá 2004 til 2010 og var þar áður yfirmaður netrekstrar hjá Landsvirkjun.

Árni er með M.Sc. gráðu í rafmagns- og rekstrarverkfræði og B.Sc. gráðu í rafmagnsverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku.

#### *Hallgrímur Snorrason*

Hallgrímur Snorrason starfar sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi í opinberri hagskýrslugerð. Hann hefur meðal annars starfað sem Hagstofustjóri og aðstoðarforstjóri Þjóðhagsstofnunar. Hann hefur setið í fjölda stjórna, meðal annars, bankaráði Útvegsbanka Íslands, Skýrr hf., Auðar Capital og Virðingar. Hann hefur jafnframt verið formaður ýmissa stjórnskipaðra nefnda, bæði innlendra sem og nefndum tengdu norrænu samstarfi, EFTA, ESB og OECD.

Hallgrímur er með M.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Lundi og B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Edinborg.

#### *Heiðrún Jónsdóttir*

Heiðrún Jónsdóttir starfar sem héraðsdómslögmaður hjá Fjeldsted og Blöndal lögmannsstofu. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Eimskipafélagi Íslands, Lex Lögmannsstofu og KEA. Hún hefur víðtæka reynslu af stjórnarsetu frá árinu 1998. Hún hefur meðal annars setið í stjórn Norðlenska, Íslenskum verðbréfum, Olíuverslun Íslands hf., Símans hf., Reiknistofu bankanna, Landsambandi lífeyrissjóða, Silicor Materials Iceland ehf. og Gildi lífeyrissjóðs.

Heiðrún er embættispróf í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Varamenn í stjórn Íslandsbanka eru Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson.

### **Landsbankinn**

#### *Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður*

Helga Björk Eiríksdóttir er viðskiptafræðingur með MBA gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002 og hefur lagt stund á verðbréfavíðskiptanám við Háskólann í Reykjavík. Helga Björk er framkvæmdastjóri Integrum. Hún starfaði áður sem fjárfesta- og almannatengill hjá Marel hf. og var sjálfstæður ráðgjafi í fjárfesta- og almannatengslum 2011-2012. Hún gegndi einnig

stjórnarformennsku í Sparisjóði Svarfdæla frá 2011 þar til hún tók sæti í bankaráði Landsbankans hf. Hún hafði umsjón með samskiptamálum fyrir skilanevnd og slitastjórn Kaupþings á árunum 2009 og 2010. Áður starfaði Helga Björk m.a. sem markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX Kauphallarinnar á Íslandi um átta ára skeið. Helga Björk hefur einnig starfað við fjölmiðla auk annarra starfa og var lengi starfsmaður Sparisjóðs Svarfdæla á Dalvík.

#### *Magnús Pétursson, varaformaður*

Magnús lauk prófi í hagfræði BA Econ. (Hons) frá háskólanum í York á Englandi árið 1971. Hann stundaði síðan framhaldsnám í hagfræði og skipulagsfræði við Lundarháskóla og Háskólann í Umeå í Svíþjóð 1973-1976. Magnús starfaði sem skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 1976-1981 og var hagsýslustjóri hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun 1981-1988. Hann var ráðgjafi og aðstoðarforstjóri á skrifstofu Norðurlandanna í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1988-1990. Á árunum 1991-1998 gegndi hann starfi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis. Hann var skipaður forstjóri Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur 1. janúar 1999 og í framhaldi af því var hann ráðinn forstjóri hins sameinaða sjúkrahúss, Landspítala – háskólasjúkrahúss, þar sem hann starfaði fram til ársins 2008. Hann gegndi síðan stöðu ríkissáttasemjara á árunum 2008-2015. Magnús hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum fyrir hið opinbera, þ.á.m. framkvæmdanevnd vegna byggingar nýs Landspítala, 2005-2008, nefnd heilbrigðisráðherra um verkaskiptingu í heilbrigðiskerfinu, 2003-2006, nefnd um staðarval nýs háskólasjúkrahúss 2001-2002, stefnunevnd Landspítala og Háskóla Íslands um samskipti Landspítala og Háskóla Íslands 2001-2008 og þróunarnevnd Háskóla Íslands, þá hefur hann á starfsferli sínum setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja og félaga, ásamt því að taka þátt í alþjóðlegu starfi á vegum hins opinbera.

#### *Berglind Svavarsdóttir*

Berglind Svavarsdóttir er hæstaréttarlögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Berglind lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1989, öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1995 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2008. Berglind er með diploma í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri 2006. Hún starfaði hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árunum 1988-1989 og sýslumanninum á Húsavík 1990-1996. Hún rak eigin lögmannsstofu og fasteignasölu 1996-2003, var meðeigandi Regula lögmannsstofu ehf. 2003-2010 og meðeigandi Acta lögmannsstofu á árunum 2011-2016, sem sameinaðist Lögfræðistofu Reykjavíkur 1. apríl sl. Berglind hefur gegnt ýmsum stjórnarstörfum og hefur setið í stjórn Lögmannafélags Íslands frá árinu 2015. Hún sat í slitastjórn SPB hf. 2009-2016 og endurupptökunefnd ad hoc 2015-2016. Einnig átti hún sæti í dómnefnd um umsækjendur um að vera tilnefndir af Íslands hálfu sem dómarmar í MDE 2013, í stjórn Félags kvenna í lögmennsku 2008-2010 og var varamaður í úrskurðarnefnd lögmanna 2005-2015.

#### *Danielle Pamela Neben*

Danielle hefur að baki alþjóðlega reynslu á fjármálamarkaði. Hún starfar nú sjálfstætt við ráðgjöf. Danielle var kjörin í bankaráð Landsbankans í apríl 2013 og hefur gegnt formennsku í endurskoðunarnefnd ásamt því að sitja í framtíðarnefnd. Danielle starfaði hjá HSBC bankanum á árunum 1993-2013 í sjö löndum; Kanada, Singapore, Brasilíu, Tævan, Bretlandi, Þýskalandi og Lúxemborg. Danielle átti sæti í framkvæmdastjórn HSBC Trinkaus & Burkhardt (Int.) SA í Lúxemborg 2012-2013 sem framkvæmdastjóri á rekstrarsviði (Chief Operating Officer). Áður var hún í ýmsum stjórnunarstörfum innan HSBC bankans, m.a. í fjárfestatengslum, á fyrirtækjaþjónustu, einstaklingsþjónustu, endurskipulagningu, rekstri, áhættustýringu og mannauðsmálum. Danielle lauk háskólanámi í viðskiptafræði frá McGill University í Kanada með áherslu á fjármál og að auki þýsku. Hún er tvítýngd á ensku og frönsku og er altalandi á íslensku, portúgölsku og þýsku. Danielle er hluti af

félagsskapnum Félag kvenna í atvinnulífínu (FKA) og er í alþjóðanefnd samtakanna. Auk þess er hún hluti af Exedra, hóp sem er félagsskapur kvenna í viðskiptum, stjórnámálum, opinbera geiranum og listaheiminum.

#### *Einar Þór Bjarnason*

Einar Þór Bjarnason hefur starfað sem meðeigandi og rekstrarráðgjafi hjá Intellecta ehf. m.a. á sviði stefnumótunar og breytingastjórnunar frá árinu 2001. Hann lauk prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1987 og meistaraáráðu í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði frá Oregon State University í Bandaríkjunum árið 1992. Þá lauk hann einnig MBA námi frá Norwegian School of Management í Oslo árið 1997. Einar Þór starfaði sem verkefnisstjóri hjá Eimskip 1987-1989 og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins 1989-1991 en hefur starfað sem ráðgjafi frá 1992, fyrst hjá Ráðgarði 1992-1996 og hjá Accenture í Noregi 1997-2000. Árið 2000 tók hann þátt í stofnun ráðgjafarfyrirtækisins Cell Strategy í Noregi og starfaði þar á árunum 2000-2001 sem stjórnandi. Einar Þór sat í stjórn AFLs Sparisjóðs á Siglufirði 2013-2015. Hann hefur setið í stjórnnum íslenskra fyrirtækja og samtaka og sat m.a. í stjórnnum Stjórnvísí og Íslensku ánægjuvogarinnar. Hann gegnir nú stjórnarformennsku í Intellecta ehf.

#### *Hersir Sigurgeirsson*

Hersir Sigurgeirsson er dósent í fjármálum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Hersir lauk B.Sc. prófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands árið 1995, meistaraþrófi í fjármálastærðfræði frá Stanford University árið 1999 og doktorsprófi í hagnýtri stærðfræði frá sama skóla 2001. Hann hefur einnig lokið prófi í verðbréfamiðlun. Hann starfaði sem sérfræðingur í hugbúnaðargerð hjá Integral í Bandaríkjunum 1999 og sem sérfræðingur í gagnarannsóknnum hjá Íslenskri erfðagreiningu 2001-2002. Hersir var sérfræðingur hjá Kaupþingi banka á árunum 2003-2006 m.a. í áhættustýringu og eigin viðskiptum. Á árunum 2006-2010 gegndi hann stöðu lektors í fjármálum við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Hann starfaði um árabíl fyrir Saga Capital á Akureyri, fyrst sem framkvæmdastjóri áhættustýringar og rekstrar 2006-2011 og síðar forstjóri 2011-2012. Einnig starfaði hann sem ráðgjafi hjá Alþjóðabankanum í Washington 2013-2015. Hersir var stjórnarformaður hjá fjármálafyrirtækinu T Plús hf., Akureyri, 2009-2014 og stjórnarformaður hjá Straumi sjóðum hf., Reykjavík, 2014-2015. Hann hefur setið í WACC-nefnd Orkustofnunar frá árinu 2014. Þá hefur hann undanfarin ár verið sérfróður meðdómari og dómkvaddur matsmaður í fjölda dómsmála vegna verðmats, skattamála o.fl. og veitt margvíslega ráðgjöf og sérfræðiþjónustu varðandi fjármál fyrirtækja, bankastarfsemi og fjármálamarkaði.

#### *Jón Guðmann Pétursson*

Jón Guðmann Pétursson lauk Cand. oecon. prófi frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1982 og starfaði sem viðskiptafræðingur hjá Endurskoðunarskrifstofu Björns & Ara árin 1982-1983. Jón var fjármálastjóri sjálfseignarstofnana Varnarliðsins árin 1984-1987, fjármálastjóri Hampiðjunnar árin 1987-2002 og forstjóri árin 2002-2014. Jón hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlendra fyrirtækja, þar á meðal í stjórn Hampiðjunnar árin 2006-2014 og í stjórnnum dótturfélaga hennar í Danmörku, Írlandi, Litháen og fleiri löndum, stjórn Royal Iceland frá árinu 2014, stjórn Iceland Seafood International árin 2009-2011, stjórn Vaka árin 2002-2004 og í stjórn Kauphallar Íslands árin 1996-1999. Þá var Jón í reikningskilaráði Íslands árin 2001-2004 og sat í stjórn Lífeyrissjóðs Framsýnar árin 2002-2005.

Varamenn í stjórn Landsbankans eru Ásbjörg Kristinsdóttir og Samúel Guðmundsson.

## **Sparisjóður Austurlands hf.**

### *Regína Fanný Guðmundsdóttir*

Regína Fanný Guðmundsdóttir útskrifaðist sem viðskiptafræðingur af endurskoðunarviði frá Háskóla Íslands árið 1994 og lauk námi í löggiltri endurskoðun árið 2006. Regína var framkvæmdastjóri fjármálsviðs Byrs hf. á árunum 2010-2012 og forstöðumaður reikningshalds Byrs frá 2005-2010. Regína starfaði sem sérfræðingur hjá PriceWaterhouseCoopers hf. á árunum 2001-2004 og var útibússtjóri Landsbanka Íslands hf. á Djúpavogi 1996-2000. Hún starfaði sem fjármálastjóri Borgartún 6 ehf. 1994-1996.

### *Sigurður H. Pálsson*

Sigurður H. Pálsson útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1982 og lauk námi í löggiltri endurskoðun árið 1984. Sigurður starfaði hjá Deloitte hf., sem endurskoðandi og meðeigandi á árunum 1986 – 2013 og hjá Endurskoðunarstofu Geirs Geirssonar á árunum 1978 – 1985.

Varamaður í stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar er Guðmundur J. Skúlason.

## Rekstur fjármálafyrirtækja á árinu 2015

### ■ Rekstur viðskiptabankanna 2015

Hagnaður viðskiptabankanna þriggja hefur aldrei verið hærrí, eftir endurreisn bankakerfisins, en samanlagður hagnaður bankanna þriggja árið 2015 nam 109,6 ma.kr. á samstæðugrunni eftir skatta. Hagnaður viðskiptabankanna nam á bilinu 50 til 80 ma.kr. á árunum 2009 til 2014, ef árið 2011 er undanskilið er dómur um ólögmati gengistryggðra lána litaði uppgjör og afkomu bankanna. Nokkuð vatn hefur runnið til sjávar síðan og hefur dregið úr óvissu um endanlegt verðmæti útlánasafna þrátt fyrir að jákvæðar virðisbreytingar á útlánasöfnum Íslandsbanka og Landsbankans hafi ennþá mikil áhrif á rekstrarniðurstöðuna fyrir árið 2015. Í tilfelli Arion banka þá virðist virðisbreytingar á útlánasafni vera komnar í nokkuð gott jafnvægi en á móti vegur að Arion banki fékk í vöggugjöf stórar hlutabréfastöður sem hafa haft mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu bankans frá endurreisn hans, þá sérstaklega síðastliðið rekstrarár. Einfalt meðaltal arðsemi viðskiptabankanna árið 2015 nam 18,2% en framangreind arðsemi verður að teljast mikil í ljósi hárrar eiginfjárstöðu bankanna. Virðisaukning útlánasafna leggur bönkunum þó enn til umtalsverðan hluta af rekstrarafkomu eða 23,3 ma.kr. á síðasta ári en lagði bönkunum til 31,1 ma. kr. árið 2014 og 28,7 ma.kr. árið 2013. Mikil virðisaukning útlánasafna bankanna síðastliðin þrjú ár endurspeglar e.t.v. að endurreisn efnahagslífisins hefur gengið betur en væntingar stóðu til og íhaldssamt mat lánasafnanna þegar þau voru færð til nýju bankanna.

Samfara miklum hagnaði síðastliðin ár hefur eigið fé viðskiptabankanna aukist mikið. Samanlagt eigið fé viðskiptabankanna í lok árs 2015 nam 668,7 ma.kr. en nam í lok árs 2009 336,6 ma.kr. og hafði því aukist um rúmlega 332,1 ma.kr. á sex árum eða tæplega tvöfaldast. Hagnaður Arion banka nam 52,6 ma.kr. árið 2015 og arðsemi eigin fjár nam 29,8%, Íslandsbanka 20,6 ma.kr. og arðsemin 10,8% og hagnaður Landsbankans 36,5 ma.kr. og arðsemin 14,2%.

Tafla 3: Rekstrarafkoma viðskiptabankanna 2009 til 2015 (fjárhæðir í m.kr.)

| Hagnaður e. skatta | Arion banki | Íslandsbanki | Landsbankinn |
|--------------------|-------------|--------------|--------------|
| 2009               | 12.871      | 23.982       | 14.322       |
| 2010               | 12.354      | 29.369       | 27.231       |
| 2011               | 11.206      | 1.866        | 16.957       |
| 2012               | 17.058      | 23.418       | 25.494       |
| 2013               | 12.655      | 23.069       | 28.767       |
| 2014               | 28.589      | 22.750       | 29.736       |
| 2015               | 52.595      | 20.578       | 36.460       |

| Arðsemi eigin fjár* | Arion banki | Íslandsbanki | Landsbankinn |
|---------------------|-------------|--------------|--------------|
| 2009                | 16,7%       | 30,0%        | 10,0%        |
| 2010                | 13,4%       | 28,5%        | 15,9%        |
| 2011                | 10,4%       | 1,5%         | 8,9%         |
| 2012                | 14,4%       | 17,4%        | 12,0%        |
| 2013                | 9,5%        | 14,8%        | 12,3%        |
| 2014                | 19,0%       | 13,0%        | 12,1%        |
| 2015                | 29,8%       | 10,8%        | 14,2%        |

\* útreikningar miðast við meðalstöðu eigin fjár á árinu

## Afkoman batnaði um 28,6 ma.kr. milli áráanna 2014 og 2015

Afkoma viðskiptabankanna batnaði um 28,6 ma.kr. milli áráanna 2014 og 2015. Aukinn hagnað má rekja til aukins hagnaðar Arion banka sem jók hagnað sinn um 24,0 ma.kr. milli ára og Landsbankans sem jók sinn hagnað um 6,7 ma. kr. Hjá Arion banka var það 29,5 ma. kr. hagnaður af hlutdeildarfélagum og 8,0 ma. kr. arðstekjur sem hafði mest áhrif á rekstur bankans árið 2015. Þessir einskisliðir komu mest til vegna sölu eignarhluta í eigu bankans. Á árinu 2015 seldi Arion banka eignarhluta í Reitum fasteignafélagi, Eik fasteignafélagi og Símanum hf. Töluverður hlutur af óbeinum eignarhluta bankans í Refresco Gerber var seldur með hagnaði á árinu í tengslum við skráningu félagsins á Euronext markaðinn í Amsterdam. Í lok ársins seldi Arion banki eignarhlut sinn í Klakka hf. og í janúar sl. var tilkynnt um sölu dótturfélagsins BG12 slhf. sem á 46% eignarhluta í Bakkavör Group. Þrátt fyrir það hafi gerst á þessu rekstrarári þá olli það uppfærslu á bókfærðu virði félagsins fyrir árið 2015 sem skilaði sér í rekstrarniðurstöðu 2015. Til viðbótar þá bókfærði Arion banki tæpa 3 ma.kr. í tekjur vegna uppfærslu á verðmæti eignarhluta síns í Valitor vegna kaupa Visa Inc. á Visa Europe Ltd. Landsbankinn jók hreinar vaxtatekjur sínar um 4,3 ma. kr. milli áráanna 2014 og 2015. En til þess ber að líta að hreinar vaxtatekjur bankans drógust saman milli áráanna 2013 og 2014 um 6,2 ma.kr. og því má kalla þetta leiðréttingu á vaxtamun bankans þar sem samkeppnisaðilar virðast ekki hafa upplifað viðlíka sveiflur í þessum tekjulið milli ára. Ein af ástæðum þessa viðsnúnings er sú að Landsbankinn er hlutfallslega með jákvæðasta verðtryggingajöfnuðinn og því hafa sveiflur í verðbólgu meiri áhrif á vaxtamun Landsbankans en samkeppnisaðilanna. Aðrir þættir sem höfðu áhrif milli ára er 3,9 ma. kr. aukning hreinna þjónustutekna milli ára. Rekstrarkostnaður jókst aftur á móti um 2,3 ma. kr. á sama tímabili. Virðisaukning útlánasafna bankanna þriggja dróst saman um 7,8 ma.kr. milli ára sem er í takt við þá þróun sem búist hefur verið við í nokkurn tíma, það er að segja að virðisaukning útlána verði ekki ráðandi liður í afkomu bankanna þriggja líkt og hefur verið hjá Íslandsbanka og Landsbanka sl. þrjú rekstrarár. Í lok árs 2015 er óvissa um gæði útlánasafns bankanna að mestu horfin og endurskipulagningu lánasafna að mestu lokið. Hlutfall vanskilalána af útlánasafni bankanna var að meðaltali 2,8% í lok 2015 samanborið við 4,7% í lok árs 2014 en þetta hlutfall nam 7,2% árið 2013 og 17,6% í lok árs 2010. Alvarleg vanskil (eða til 90 daga eða lengri tíma) námu 1,7% af útlánasafni bankanna í lok árs 2015 og höfðu dregist umtalsvert saman síðan 2014 er þau námu 2,4% en alvarleg vanskil stóðu í 13,2% í árslok 2010.

Sveiflur vegna virðisbreytinga útlána svo og aðrir óreglulegir liðir, eins og þeir sem varða lögmæti gengistryggðra lána, hafa lítað uppgjör viðskiptabankanna frá stofnun þeirra. Bankasýsla ríkisins hefur því frá upphafi kosið að horfa meira á grunnrekstur, eða reglulegan rekstur og kjarnarekstur.

Áður en áfram er haldið verður farið yfir þá mælikvarða sem Bankasýsla ríkisins hefur notað síðustu ár til að meta árangur viðskiptabankanna. Mælikvarðarnir í töflu 4 lýsa betur rekstrarhæfi til framtíðar og auðvelda samanburð á rekstrarafkomu milli ára, þar sem einskis- og óreglulegir liðir eru ekki taldir með við mælingu á rekstrarárangri. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

#### Tafla 4: Skilgreiningar Bankasýslunnar á reglulegum rekstri og kjarnarekstri banka

| Hugtak                    | Skilgreining   |
|---------------------------|--|
| <b>Reglulegur rekstur</b> | Reglulegur rekstur (reglulegar tekjur – reglulegur kostnaður).<br>Reglulegar tekjur eru hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur. Reglulegur kostnaður er laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður, gjöld í TIF og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Í tilviki Arion banka eru eigin tjón sem fylgja tryggingastarfsemi ekki talin til reglulegs kostnaðar, enda eru eigin iðgjöld ekki talin til reglulegra tekna |
| <b>Kjarnarekstur</b>      | Reglulegur rekstur auk fjármunatekna.<br>Til fjármunatekna telst hagnaður eða tap af veltufjáreignum og hagnaður eða tap af fjáreignum tilgreindum á gangvirði.  |

Skilgreiningarnar eru ekki gallalausar og takmarkast við opinberar tölur úr ársreikningum innlánsstofnana. Uppgjörsaðferðir bankanna eru mismunandi og munaði mestu fyrstu árin um útreikning vaxtatekna með aðferð virkra vaxta við skráningu vaxtatekna en vægi vaxtatekna reiknaðra með aðferð virkra vaxta er nú orðið hverfandi. Einnig er uppbygging efnahagsreikninga viðskiptabankanna ólík t.d. þegar litið er til gjaldeyris- og skuldasetningar. Auk þess sem áherslumunur, en ekki eðlismunur er í rekstri viðskiptabankanna, t.d. varðandi áhrif dótturfélaga á uppgjör samstæðu.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að stór hluti eigna Landsbankans er bundinn í ríkisskuldabréfum með lágum vöxtum, en eiginfjárframlag ríkisins til bankans var í formi RIKH 18 skuldabréfa. Tekjur vegna skuldabréfanna eru bæði færðar sem vaxtatekjur, sem flokkast til reglulegs rekstrar, og sem fjármunatekjur, sem flokkast ekki til reglulegs rekstrar, heldur kjarnarekstrar. Framangreint dæmi sýnir því e.t.v. best hversu snúinn og margslunginn samanburður á afkomu og rekstrarárangri innlánsstofnana getur verið. Aðrar rekstrartekjur og hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga eru töluverður hluti rekstrarafkomu Arion banka árið 2015 eða 32,2 ma.kr., en aðallega er um að ræða söluhagnað, endurmat fjárfestingaeigna, leigutekjur og hækkun á virði fasteigna og iðgjöld af tryggingastarfsemi. Framangreindar tekjur eru hvorki hluti af reglulegum rekstri né kjarnarekstri.

Einnig flækir málin nokkuð að Valitor og Borgun eru hluti af rekstrarsamstæðu Arion banka og Íslandsbanka, en framangreind fyrirtæki leggja fram töluverðar þjónustutekjur. Hallar því verulega á hlut Landsbankans í samanburði þjónustutekna. Á móti hallar á Arion banka og Íslandsbanka þegar horft er til kostnaðarhlutfalls, þ.e. kostnaður sem hlutfalli af eignum. Uppbygging og eðli kortafyrirtækja er nokkuð ólíkt hefðbundnum viðskiptabankarekstri þar sem litlar eignir standa á bak við reksturinn, en háar þjónustutekjur, öfugt við bankarekstur.

Umdeilanlegt er hver sé grunnrekstur banka og má jafnvel rökstyðja að skilgreiningarnar séu of þröngar og jafnvel ósanngjarnar. Þannig hentar mæling á afkomu af kjarnarekstri betur fyrir banka sem reisa afkomu sína að töluverðum hluta á fjárfestingarbankastarfsemi og ráðstafað hafa verulegum hluta eigna sinna í starfsemi þar að lútandi. Hins vegar eru vaxta- og þjónustutekjur hvað stöðugastar og ekki jafn næmar fyrir sveiflum á markaði líkt og fjármunatekjur. Því má draga þá ályktun að banki, sem hefur háa arðsemi af reglulegum rekstri, hafi stöðugan og öruggan tekjugrunn. Lítil munur ætti að vera á milli reglulegs rekstrar og kjarnarekstrar hjá bönkum, sem einbeita sér að hefðbundnum bankarekstri.



Í greiningunni sem hér fer á eftir er notast við framangreindar skilgreiningar á rekstri, auk eftirfarandi kennitalna sem hafa verið skilgreindar í töflu 4 hér að framan.

**Tafla 5: Kennitölur í rekstri**

| <b>Rekstrar- og afkomuhugtak</b>         | <b>Skilgreining</b>   |
|--|---|
| Arðsemi reglulegs rekstrar:              | (Reglulegar tekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár                  |
| Arðsemi kjarnarekstrar:                  | (Reglulegar tekjur + fjármunatekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár |
| Hlutfall innlána af útlánum:             | Innlán viðskiptavina/Útlán viðskiptavina  |
| Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar:    | Reglulegur kostnaður/Reglulegar tekjur  |
| Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar:        | Reglulegur kostnaður/(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur)   |
| Kostnaður sem hlutfall af heildareignum: | Reglulegur kostnaður/Meðalstaða eigna   |
| Meðalstaða eigin fjár:                   | Meðaltal eigin fjár í upphafi og lok árs  |
| Meðalstaða eigna:                        | Meðaltal eigna í upphafi og lok árs   |
| Vaxtamunur:                              | Hreinar vaxtatekjur/Meðalstaða eigna  |


Árið 2015 voru reglulegar tekjur (hreinar vaxta- og þjónustutekjur) að meðaltali 70,7% rekstrartekna viðskiptabankanna og fjármunatekjur 15,7% heildartekna. Hlutfall óreglulegra liða af tekjum var því 13,6% sem er nokkuð hátt. Síðastliðin 5 ár hefur vægi meðaltal reglulegra tekna bankanna þriggja legið á bilinu 79 til 81% af rekstrartekjum og meðaltal fjármunatekna sem hlutfall af rekstrartekjum legið á bilinu 6 til 14%. Einfalt meðaltal reglulegra tekna sem hlutfall af rekstrartekjum bankanna þriggja fyrir 2015 nam 71% sem er nokkuð lægra en síðastliðin 4 ár. Það skýrist af tvennu, annars vegar að fjármunatekjur Landsbankans voru óvenju háar samanborið við fyrri ár, eða 23% af reglulegum tekjum og að óreglulegar tekjur Arion banka voru feikiháar á síðasta ári, eða 37% af reglulegum tekjum. Í þessu samhengi ber að líta til þess að bankarnir þrír halda á mismunandi stórum stöðum í fjármálagerningum, fjárfestingareignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum sem hlutfall af eignum. Í árslok nam staða Íslandsbanka í fjármálagerningum, fjárfestingaeignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum samtals 9,5% af heildareignum bankans (5 ára meðaltal: 9,7%) á meðan sama hlutfall nam 16,6% hjá Arion banka (5 ára meðaltal: 17,0%) og 20,9% hjá Landsbankanum (5 ára meðaltal: 25,2%). Út frá þessu má glögglega sjá að efnahagsreikningur hvers banka er frábrugðinn þeim næsta.

#### **Afkoma af reglulegum rekstri viðskiptabankanna að aukast milli 2014 og 2015.**

Hagnaður af reglulegum rekstri viðskiptabankanna jókst milli áráanna 2014 og 2015 um 10,2 ma.kr., en bókhaldslegur hagnaður jókst um 28,6 ma.kr. á sama tímabili. Afkoma af reglulegum rekstri bankanna þriggja hafði verið að dragast saman frá árinu 2012 en viðsnúninginn nú má má helst rekja til þess að hreinar vaxtatekjur bankanna jukust um 7,9 ma.kr. eftir samdrátt árin tvö á undan því. Mesta aukningin í hreinum vaxtatekjum var hjá Landsbankanum þar sem þær jukust um 4,3 ma. kr. eftir 6,2 ma.kr. samdrátt árið áður. Hreinar þjónustutekjur héldu áfram að aukast. Í þetta sinn jukust þær um 3,9 ma.kr. milli áráanna 2014 og 2015 og hafa aukist stöðugt sl. 5 ár. Gjöld af reglulegri starfsemi jukust að nýju um 1,6 ma.kr. milli áráanna 2014 og 2015 en milli áráanna 2013 og 2014 lækkuðu gjöldin um 3,9 ma.kr.

Á mynd 3 hér á eftir má sjá hagnað og arðsemi viðskiptabankanna af reglulegum rekstri síðastliðin fimm ár.


**Mynd 3: Hagnaður og arðsemi reglulegs rekstrar viðskiptabankanna síðastliðin 5 ár**



Sjá má að arðsemi reglulegs rekstrar hefur legið á bilinu 4,9 til 8,4% og að hagnaður af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta hefur dregist stöðugt saman frá árinu 2012 þar til á síðasta ári þegar hann jókst á ný eins og greint var frá hér að framan.


Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta árið 2015 nam 6,2% hjá Arion banka, 6,9% hjá Íslandsbanka og 4,8% hjá Landsbankanum. Þegar að söguleg arðsemi viðskiptabankanna er skoðuð, sem og innbyrðis arðsemi þeirra á milli, verður að taka tillit til þess að eigið fé viðskiptabankanna hefur hækkað mikið frá árslokum 2009 og er misjafnt milli banka. Á móti kemur að herra eigið fé ætti að gera bönkunum kleift að halda á útlánum með herra áhættuvægi og hærri vaxtatekjum. Þróun arðsemi reglulegs rekstrar einstakra banka má sjá á mynd 4 hér á eftir.

**Mynd 4: Arðsemi reglulegs rekstrar síðastliðin 5 ár**



Af myndinni má sjá að þróun arðsemi reglulegs rekstrar samkvæmt framangreindri skilgreiningu er misjöfn milli bankanna þriggja. Arðsemi Landsbankans virðist leita niður á við á meðan arðsemi Íslandsbanka hefur aukist ár frá ári síðastliðin 3 ár en arðsemi Arion banka staðið í stað á sama tímabili. Reglulegur rekstur er þó aðeins einn mælikvarði á rekstrarárangur. Annar mælikvarði er kjarnarekstur. Á mynd 5 má sjá afkomu af kjarnarekstri eftir skatta.

**Mynd 5: Hagnaður (ma. kr.) og arðsemi kjarnarekstrar viðskiptabankanna eftir reiknaða skatta**




Sjá má á myndinni að nokkuð meiri sveiflur eru í hagnaði af kjarnarekstri en reglulegum rekstri. Hagnaður af kjarnarekstri viðskiptabankanna var að meðaltali 48,9 ma.kr. á ári síðastliðin 5 ár á meðan hagnaður af reglulegum rekstri var 33,8 ma.kr. Þannig hefur afkoma kjarnarekstrar verið umtalsvert betri enda tekið tillit til fleiri tekjuþátta.

Afkoma viðskiptabankanna af kjarnarekstri var í sögulegu hámarki á síðasta ári frá endurreisn bankakerfisins sem skýrast af miklum fjármunatekjum hjá Arion banka og Landsbankanum árið 2015. Afkoma bankanna þriggja af kjarnarekstri nam 60,1 ma.kr. árið 2015 og var 20,0 ma.kr. betri en árið 2014, en rétt er að það komi fram að afkoma bankanna var óvenju lök árið 2014.

Að meðaltali var arðsemi kjarnarekstrar 9,6% árið 2015 og nokkuð hærri en af reglulegum rekstri. Hæst var arðsemi af kjarnarekstri hjá Arion banka, eða 12,1 arðsemi kjarnarekstrar hjá Íslandsbanka nam 8,5% og 8,7% hjá Landsbankanum. Á mynd 6 hér á eftir má sjá þróun arðsemi kjarnarekstrar fyrir einstaka banka sl. 5 ár.

**Mynd 6: Arðsemi kjarnarekstrar 2011-2015**



## ■ Rekstrarreikningur viðskiptabankanna


### Samdráttur í vaxtatekjum

Vaxtatekjur eru stærsti tekjuliður bankanna og hafa breytingar í vaxtaumhverfi og á verðbólgu því mikil áhrif á afkomu bankanna. Hreinar vaxtatekjur stjórnast aðallega af upphæð vaxtaberandi útlána, vaxtamun útlána og fjármögnunar ásamt verðbólgu ársins. Hreinar vaxtatekjur bankanna námu samtals 87,3 ma.kr. árið 2015 sem er 7,9 ma. kr. aukning milli ára. Aukningin skýrist að nokkru leyti vegna hærri verðbólgu, mæld með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem hækkaði meira yfir árið 2015 en 2014. Aukning hreinna vaxtatekna skýrist einnig af aukningu vaxtaberandi útlána. Allir bankarnir þrír eiga meira af verðtryggðum eignum heldur en skuldum og því hefur meiri verðbólga jákvæð áhrif á hreinar vaxtatekjur til hækunar. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,0% yfir árið 2015 samanborið við 1,0% árið 2014. Árin þrjú þar á undan hækkaði vísitalan um 4,5% að meðaltali á ári og skýrir því mikið af breytileika í hreinum vaxtatekjum bankanna þriggja á þessu tímabili eins og fyrr segir. Eins og nefnt var hér að framan þá er verðtryggingarjöfnuður allra bankanna þriggja jákvæður. Verðtryggingarjöfnuður Landsbankans var jákvæður um 166 ma. kr. í lok ársins 2015, sem þýðir að 1% hækkan á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á ári skilar 1,7 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum Landsbankans. Verðtryggingarjöfnuður Arion banka var jákvæður um 95 ma. kr. í lok 2015 og hjá Íslandsbanka 43 ma.kr. Samtals er verðtryggingarjöfnuðurinn jákvæður um 304 ma.kr.

hjá bönkunum þremur í lok árs 2015 og 1% hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar þýðir því 3,0 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum.

Vaxtamunur bankanna hefur einnig áhrif og hann má mæla á marga vegu. Algengt er að hann sé mældur sem hreinar vaxtatekjur ársins sem hlutfall af meðalstöðu heilareigna á árinu. Mynd 7 hér að neðan sýnir þróun á þessu hlutfalli bankanna þriggja síðastliðin 5 ár:

**Mynd 7: Vaxtamunur viðskiptabankanna 2011-2015**



Veginn meðal vaxtamunur bankanna árið 2015 nam 2,85% og jókst um 0,16% eftir að hafa lækkað árin tvö á undan. Vaxtamunurinn náði hámarki 2012 í 3,4%. Á síðastliðnum 5 árum þá hafa heildareignir viðskiptabankanna farið úr 2.824 ma. kr í lok árs 2011 í 3.175 ma.kr. í lok árs 2015, en það er aukning um 352 ma.kr. eða 12,5% á 5 árum sem verður að teljast hóflegur vöxtur. Verðbólga á þessu 5 ára tímabili nam tæplega 12% þannig að raunaukning eigna er nánast engin. Á mynd 7 sést þróun vaxtamunar einstakra viðskiptabanka eftir árum. Vaxtamunur Íslandsbanka hefur verið að lækka á hverju ári sl. 5 ár og nú er svo komið að hann er kominn undir vaxtamun Landsbankans en er ennþá yfir Arion banka. En munurinn er orðinn mjög lítill milli bankanna miðað við það sem áður var og sýnir annars vegar að það er virk samkeppni þeirra á milli en hins vegar að lánasöfnin voru bókfærð á mismunandi vegu við stofnun nýju bankanna. Sem dæmi þá hefur vaxtamunur Íslandsbanka lækkað ár frá ári síðan 2010 en virðisaukning útlána virðist hafa verið tekin í meira mæli í gegnum vaxtatekjur með aðferð virkra vaxta en hinna viðskiptabankanna. Á tímabilinu 2009 til 2012 hækkaði vaxtamunur bæði Arion banka og Landsbankans. Á því tímabili átti sér stað mikil endurskipulagning útlánasafna bankanna og lækkaði vanskilahlutfall lána hratt. Árið 2013 snerist þróunin svo við og lækkaði vaxtamunur bæði Arion banka og Landsbankans. Vaxtamunur Arion banka stóð hins vegar í stað árið

2014 en vaxtamunur Landsbankans lækkaði hins vegar um 0,6% á milli áráanna 2013 og 2014. Vaxtamunur þessarar tveggja banka lækkað svo árið 2015 á meðan vaxtamunur Íslandsbanka lækkaði. Rétt er að benda á að álag á grunnvexti eða Libor vexti á skuldabréf Landsbankans við LBI (gamla Landsbanka) lækkaði úr 1,75% í 2,9% seinni hluta árs 2013. Framangreint skuldabréf er 35,3% af skuldum Landsbankans í árslok 2014.

### Vöxtur í þjónustutekjum

Hreinar þjónustutekjur viðskiptabankanna jukust um 3,9 ma.kr. eða 12,6% á milli 2014 og 2015. Aukning í þjónustutekjum á milli þessara ára er mesta aukning í þjónustutekjum milli einstakra ára í krónum talið en þjónustutekjur viðskiptabankanna hafa aukist ár frá ári sl. 5 ár. Þjónustutekjur Landsbankans jukust hlutfallslega mest árið 2015 eða um 17,2%, þjónustutekjur Íslandsbanka jukust um 14,7% og Arion banka um 8,8%. Tafla 6 hér að neðan sýnir þróun þjónustutekna hvers banka síðastliðin 5 ár.

**Tafla 6: Þróun þjónustutekna viðskiptabankanna þriggja sl. 5 ár**

|                   | 2011   | 2012   | 2013   | 2014   | 2015   |
|-------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Arion banki       | 10.685 | 10.748 | 11.223 | 13.309 | 14.484 |
| Íslandsbanki      | 5.966  | 9.459  | 10.433 | 11.483 | 13.170 |
| Landsbankinn      | 4.423  | 4.448  | 5.291  | 5.836  | 6.841  |
| Samtals           | 21.074 | 24.655 | 26.947 | 30.628 | 34.495 |
| Aukning milli ára | 18,2%  | 17,0%  | 9,3%   | 13,7%  | 12,6%  |

Eins og sjá má í töflunni eru þjónustutekjur Landsbankans langsamlega lægstar og um helmingur þjónustutekna hinna bankanna. Ástæðu mun lægri þjónustutekna Landsbankans má að stórum hluta rekja til þess að kortafyrirtækin Valitor og Borgun eru hluti af samstæðu Arion banka og Íslandsbanka. Hins vegar er ekkert kortafyrirtæki hluti af samstæðu Landsbankans. Hlutfall þjónustutekna hefur verið fremur lágt hlutfall af heildartekjum, sérstaklega ef horft er til erlendra viðskiptabanka. Slíkur samanburður getur þó verið varasamur og verður að horfa til þess að hlutfall óreglulegra liða líkt og virðisaukningar er hátt hlutfall heildartekna hjá íslenskum viðskiptabönkum.

### Fjármunatekjur og aðrar tekjur


Hreinar fjármunatekjur viðskiptabankanna þriggja voru mjög háar árið 2015 í sögulegu samhengi. Þær námu samanlagt 29,6 ma.kr. sem er 14,8 ma.kr. aukning eða tvöföldun milli ára. Til fjármunatekna telst hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði og hagnaður (tap) af veltufjáreignum og – skuldum. Fjármunatekjur hafa verið áberandi hæstar hjá Landsbankanum á meðal viðskiptabankanna eða að meðaltali 11,3 ma.kr á ári sl. 5 ár, hjá Arion banka hafa þær numið 4,8 ma.kr. að meðaltali á sama tímabili og 2,8 ma. kr. á ári hjá Íslandsbanka. Fjármunatekjur árið 2015 voru þó hæstar hjá Arion banka þetta árið eða 13,0 ma.kr. en litlu lægri hjá Landsbankanum 12,7 ma.kr. á meðan Íslandsbanki skilaði 3,9 ma.kr. Hreinar fjármunatekjur ráðast annars vegar af hversu stórar stöður eru í fjármálagerningum og hins vegar hvaða ávöxtun bankarnir ná af þeim. Fjármálagerningar hafa síðastliðin 5 ár numið að meðaltali 24,5% af heildareignum Landsbankans, 13,3% af heildareignum Arion banka en aðeins 9,6% hjá Íslandsbanka. Það kemur því ekki á óvart að Landsbankinn hefur alla jafna verið með hærri hreinar fjármunatekjur en Arion banki og Íslandsbanki.

Aðrar tekjur viðskiptabankanna námu 10,1 ma.kr. árið 2014 samanborið við 8,4 ma.kr. árið 2013. Langstærstur hluti annarra rekstrartekna er í Arion banka eða um 5,7 ma.kr. og er aðallega um að ræða leigutekjur og endurmat á virði fasteigna og iðgjöld af líftryggingarstarfsemi.

## Gjöld

Reglulegur rekstrarkostnaður viðskiptabankanna þriggja, eins og hann er skilgreindur hér að framan, hefur stöðugt aukist ár frá ári sl. 5 ár. Stærstu hluti rekstrarkostnaðar bankanna eru launakostnaður og annar rekstrarkostnaður. Yfir þessi 5 ár hefur reglulegur rekstrarkostnaður aukist um 18,6% en að teknu tilliti til tæplega 12% verðbólgu á tímabilinu þá er raunaukning kostnaðar um 7% yfir þessi 5 ár. Síðastliðin 3 ár hefur Íslandsbanki og Landsbankinn gengið heldur betur en Arion banka að ná tókum á reglulegum rekstrarkostnaði sínum, líkt og mynd 8 hér að neðan sýnir.


**Mynd 8: Reglulegur rekstrarkostnaður viðskiptabankanna 2011-2015**





Þegar kostnaður af reglulegum rekstri sem hlutfall af reglulegum tekjum eins og skilgreint var hér að framan er skoðaður þá kemur eftirfarandi mynd í ljós.


**Mynd 9: Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar**



Á mynd 9 má sjá að reglulegur rekstrarkostnaður Arion banka er nokkuð hærri að staðaldri en hjá Íslandsbanka og Landsbankanum, þrátt fyrir að hafa náð að lækka þetta hlutfall um 4 prósentustig milli 2014 og 2015. Meðalkostnaðarhlutfall Arion banka sl. 5 ár er 67,3% á meðan það er 61,4% fyrir bæði Íslandsbanka og Landsbankann á sama tímabili.

Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar horfir bæði á tekjur og kostnað. Einnig er unnt að skoða kostnað sem hlutfall af meðalstöðu eigna en þá er aðeins verið að horfa á kostnaðhliðina en í samhengi við eignahlið bankanna. Rekstrarkostnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af meðalstöðu eigna var hæstur hjá Arion banka árið 2015 eða 2,86% á meðan hann nam 2,54% hjá Íslandsbanka og 2,14% hjá Landsbankanum. Mynd 10 sýnir þróun á þessu hlutfalli milli ára hjá bönkunum sl. 5 ár.

**Mynd 10: Reglulegur kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna 2011-2015**



Af myndinni má dæma að kostnaðarhlutfallið hefur staðið í stað síðastliðin tvö ár hjá Arion banka, en hefur aftur á móti lækkað hjá Íslandsbanka síðastliðin þrjú ár. Landsbankinn stendur í stað með lágsta hlutfallið sem hefur haldist á milli 2,0 og 2,1% síðastliðin fimm ár. Hér þarf þó að hafa í huga þann eðlismun sem er á Landsbankanum og hinum tveimur viðskiptabönkunum en kortafyrirtæki eru hluti af efnahagsreikningi Arion og Íslandsbanka. Kortafyrirtækin skapa framangreindum bönkum umtalsverðar þjónustutekjur og kostnað en mjög litlar eignir standa á bak við fyrirtækin.

### ■ Efnahagsreikningur viðskiptabankanna

Eignir viðskiptabankanna hafa aukist um rúmlega 800 ma.kr. frá lokum ársins 2008 og hefur samanlagður efnahagsreikningur viðskiptabankanna farið úr 2.336 ma.kr. í árslok 2008 í 3.175 ma.kr. í lok árs 2015. Vöxtur eigna viðskiptabankanna að nafnvirði nemur 36% á þessu tímabili en að raunvirði hafa eignir bankanna einungis vaxið um 3,8% á öllu tímabilinu.

Þótt eignir viðskiptabankanna þriggja hafi nánast staðið í stað að raunvirði er ekki þar með sagt að bankakerfið eða innlánsstofnanir í heild sinni hafi gert það. Árið 2011 varð SpKef hluti af Landsbankanum og jókst þá eignasafn bankans um 45,0 ma.kr. og útlán um 29,0 ma.kr. Sama ár tók Íslandsbanki yfir Byr og jukust eignir bankans um 113,0 ma.kr. og útlán um 82,0 ma.kr. Arion tók einnig yfir fasteignalánasafn Kaupþings upp á 110,0 ma.kr. í árslok 2011. Árið 2015 runnu svo Sparisjóður Vestmanneyja og Sparisjóður Norðurlands inn í Landsbankann og AFL sparisjóður inn í Arion banka<sup>7</sup>. Stærð viðskiptabankanna hefði dregist umtalsvert saman að raunvirði ef þeir hefðu ekki sameinast


<sup>7</sup> Sjá Ársskýrslu Bankasýslu ríkisins 2015.

öðrum fjármálastofnunum eða yfirtekið lánasöfn annarra fjármálastofnana. Ekki hefur því verið um innri vöxt um að ræða.

### Skuldir og eigið fé

Íslensku viðskiptabankarnir voru í lok árs 2015 fjármagnaðir af innlánnum viðskiptavina og innlánsstofnana (54,0%), með eigin fé (21,1%) og með lántökum og öðrum skuldum (24,9%). Lítil breyting er á milli ára á vægi einstakra liða í fjármögnun bankanna, en einna helst er að vægi eigin fjár og lántaka eykst á kostnað innlána. Eigið fé eykst í takt við góða afkomu og nokkur útgáfa sértryggða skuldabréfa var hjá bönkunum en fjárhæðir voru það lágar að þær höfðu óveruleg áhrif á samsetningu fjármögnunar.

**Mynd 11: Fjármögnun viðskiptabankanna 31.12.2015**




### Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall Arion banka og Landsbankans hækkaði á árinu 2015 þrátt fyrir arðgreiðslur en eiginfjárlutfall Íslandsbanka lækkaði um 1,1% milli ára vegna arðgreiðslna. Arðgreiðslur Arion banka árið 2015 vegna rekstrarársins 2014 námu um 12,8 ma.kr., Íslandsbanka 9,0 ma.kr. og Landsbankans 23,7 ma.kr. Eiginfjárlutfall A hjá Arion banka hækkaði úr 21,8% í árslok 2013 í 23,4% í árslok 2014, Íslandsbanka úr 26,5% í 28,3% og Landsbankans úr 29,5% í 30,3%. Eiginfjárlutfall Landsbankans er nánast að öllu leyti samsett úr eiginfjárlutfalli A. Eiginfjárlutfall B, sem er í formi víkjandi láns frá ríkisjóði, er nokkur hluti af eiginfjárlutfalli Arion banka og Íslandsbanka. Samanlagt eiginfjárlutfall

Arion banka úr eiginfjárbætti A og B nam 24,2% og Íslandsbanka 30,1%. Eiginfjárlutfall Landsbankans er 30,4%og samanstendur af 30,3% eiginfjárbætti A og 0,1% eiginfjárbætti B.

**Mynd 12: Eiginfjárbættir A og B viðskiptabankanna þriggja sl. 3 ár.**




### Eignahlið efnahagsreiknings

Á mynd 13 má sjá eignir viðskiptabankanna flokkaðar í útlán sem er fyrsti eignaflokkurinn og endurspeglar best hefðbundinn viðskiptabankarekstur eða reglulegan rekstur. Útlán námu 75,9% af eignum Arion banka, 67,1% af eignum Íslandsbanka og 74,4% af eignum Landsbankans í árslok 2014. Að meðaltali eru útlán 72,5% af efnahagsreikningi viðskiptabankanna.

Í öðrum eignaflokknum eru svo fjármálagerningar en samanlagt endurspeglar eignaflokkur eitt og tvö kjarnarekstur. Hlutfallslega hæst hlutfall fjármálagerninga af heildareignum er hjá Landsbankanum eða 20,8% af heildareignum. Hluti eigna Landsbankans samanstendur af ríkisskuldabréfum í flokknum RIKH18 sem bankinn fékk afhent frá ríkissjóði sem eiginfjárframlag, en það skýrir að hluta til hærra hlutfall fjármálagerninga hjá Landsbankanum en samkeppnisaðilum. Hlutfall fjármálagerninga er 9,5% hjá Íslandsbanka og 13,2% hjá Arion banka.

**Mynd 13: Skipting eigna viðskiptabankanna 31.12.2015**



## ■ Arion banki

Hagnaður Arion banka nam 52,6 ma.kr. árið 2015 sem er tæplega tvöföldun á hagnaði milli ára en hagnaður rekstrarársins 2014 nam 28,6 ma.kr. Það sem skýrir þessa miklu aukningu eru mest megnis einkisliðir. Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaganna nam 29,5 ma. kr. árið 2015 samanborið við 3,5 ma. kr. árið áður. Þessi gríðarlega aukning er tilkomin vegna nokkurra þátta varðandi hlutdeildarfélag í eigu bankans. Þeir helstu eru sala bankans á eignarhlutum í Reitum fasteignafélagi, Eik fasteignafélagi og Símanum hf. Að auki var töluverður óbeinn eignarhlutur bankans í Refresco Gerber seldur með hagnaði á árinu í tengslum við skráningu félagsins á Euronext hlutabréfamarkaðinn í Amsterdam. Í lok 2015 seldi Arion banki svo hlut sinn í Klakka ehf. ásamt því að uppfærsla eignarhluta í Bakkavör Group sem dótturfélag bankans á 46% var gerð innan rekstrarársins 2015. Hreinar fjármunatekjur námu 13,0 ma.kr. 2015 samanborið við 6,5 ma.kr. árið 2014. Mestu munar þarna um 8,0 ma.kr. arðgreiðslur 2015, samanborið við 0,9 ma. kr. árið áður. Afkoma reglulegs rekstrar Arion banka, sem tekur ekki tillit til einkisliða líkt og virðisbreytinga útlána og áhrif gjaldeyrissveiflna á rekstur, batnaði milli rekstraráranna 2014 og 2015. Hagnaður af reglulegum rekstri nam 10,9 ma.kr. eftir reiknaða skatta árið 2015, en nam 8,7 ma.kr. árið áður. Bætt afkoma af reglulegum rekstri eða grunnrekstri útskýrist bæði af aukningu hreinna vaxtatekna sem og þjónustutekna. Hreinar vaxtatekjur jukust um 2,8 ma.kr. milli ára meðal annars vegna aukinnar verðbólgu milli ára. Hreinar þjónustutekjur jukust um 1,1 ma.kr. á sama tímabili. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður jukust minna á tímabilinu eða sem nam 1,1 ma.kr. og því batnaði afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta um 2,8 ma.kr. milli ára.

**Tafla 7: Reglulegur rekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.)**

|  | 2011           | 2012           | 2013           | 2014           | 2015           |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Hreinar vaxtatekjur                              | 23.388         | 27.142         | 23.800         | 24.220         | 26.992         |
| Hreinar þjónustutekjur                           | 10.685         | 10.748         | 11.223         | 13.309         | 14.484         |
| <b>Samtals reglulegar tekjur</b>                 | <b>34.073</b>  | <b>37.890</b>  | <b>35.023</b>  | <b>37.529</b>  | <b>41.476</b>  |
| Laun og launatengd gjöld                         | -11.254        | -12.459        | -13.537        | -13.979        | -14.892        |
| Annar rekstrarkostnaður                          | -8.308         | -9.375         | -8.732         | -9.859         | -10.427        |
| Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna | -956           | -1.436         | -1.788         | -2.034         | -1.656         |
| Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda         | -1.200         | -899           | -791           | -829           | -836           |
| <b>Samtals reglulegur kostnaður</b>              | <b>-21.718</b> | <b>-24.169</b> | <b>-24.848</b> | <b>-26.701</b> | <b>-27.811</b> |
| <i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>      | <i>63,7%</i>   | <i>63,8%</i>   | <i>70,9%</i>   | <i>71,1%</i>   | <i>67,1%</i>   |
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta        | 12.355         | 13.721         | 10.175         | 10.828         | 13.665         |
| <b>Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta</b> | <b>9.884</b>   | <b>10.977</b>  | <b>8.140</b>   | <b>8.662</b>   | <b>10.932</b>  |
| <i>Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta</i>   | <i>11,4%</i>   | <i>11,6%</i>   | <i>7,6%</i>    | <i>7,2%</i>    | <i>7,7%</i>    |
| <i>Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta</i>   | <i>9,1%</i>    | <i>9,2%</i>    | <i>6,1%</i>    | <i>5,8%</i>    | <i>6,2%</i>    |

Einkennandi fyrir rekstur Arion banka er hátt hlutfall hreinna þjónustutekna og annarra tekna samanboreið við hreinar vaxtatekjur, en afkoma Valitor er hluti af samstæðureikningsskilum. Hreinar þjónustutekjur bankans af greiðslukortum námu 5,6 ma.kr. árið 2015 eða 39% af þjónustutekjum. Bankinn er sterkur í eignastýringu og skilaði eignastýringarvið bankans 4,3 ma.kr. hreinum tekjum til bankans árið 2015 miðað við 3,7 ma.kr. árið áður. Arion banki rekur tryggingastarfsemi og hafði tekjur af iðgjöldum sem námu 1,1 ma.kr. árið 2015, en bankinn á líftryggingarfélagið Okkar líftryggingar.

Sögulega hafa Arion banki og Íslandsbanki haft fremur lágar fjármunatekjur í samanburði við Landsbankann en báðir bankar hafa hlutfallslega ráðstafað lægsta hlutfalli eigna sinna í fjármálagerninga. Að meðaltali hefur Arion banki ráðstafað 13,8% af eignum sínum í fjármálagerninga sl. 5 ár. Þetta hlutfall nam 14,9% í lok árs 2015. Hreinar fjármunatekjur Arion banka námu 13,0 ma.kr. fyrir árið 2015. Met afkoma var af kjarnarekstri eftir reiknaða skatta og nam afkoma kjarnarekstrar Arion banka 21,4 ma.kr. fyrir árið 2015.

**Tafla 8: Kjarnarekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.)**

|   | 2011          | 2012          | 2013          | 2014          | 2015          |
|---|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta   | 12.355        | 13.721        | 10.175        | 10.828        | 13.665        |
| Hreinar fjármunatekjur                      | 511           | 583           | 3.441         | 6.477         | 13.026        |
| Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta        | 12.866        | 14.304        | 13.616        | 17.305        | 26.691        |
| <b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatta</b> | <b>10.293</b> | <b>11.443</b> | <b>10.893</b> | <b>13.844</b> | <b>21.353</b> |
| <i>Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatta</i>  | <i>11,9%</i>  | <i>12,0%</i>  | <i>10,2%</i>  | <i>11,5%</i>  | <i>15,1%</i>  |
| <i>Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatta</i>  | <i>9,5%</i>   | <i>9,6%</i>   | <i>8,2%</i>   | <i>9,2%</i>   | <i>12,1%</i>  |
| <i>Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar</i>     | <i>62,8%</i>  | <i>62,8%</i>  | <i>64,6%</i>  | <i>60,7%</i>  | <i>51,0%</i>  |

**Tafla 9: Efnahagsreikningur Arion banka (m.kr.)**

|                                    | 2011           | 2012           | 2013           | 2014           | 2015             |
|------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|------------------|
| Handbært fé og innstæður hjá Sí    | 29.200         | 29.746         | 37.999         | 21.063         | 48.102           |
| Lán til lánastofnana               | 69.103         | 101.011        | 102.307        | 108.792        | 87.491           |
| Lán til viðskiptavina              | 561.550        | 566.610        | 635.774        | 647.508        | 680.350          |
| Hlutabréf                          | 14.045         | 16.844         | 17.449         | 25.232         | 35.504           |
| Skuldabréf                         | 140.568        | 117.730        | 62.171         | 66.466         | 78.794           |
| Aðrir fjármálagerningar            | 3.046          | 3.226          | 6.921          | 10.130         | 18.893           |
| Aðrar eignir                       | 74.609         | 65.508         | 76.229         | 54.545         | 61.909           |
| <b>Samtals eignir</b>              | <b>892.121</b> | <b>900.675</b> | <b>938.850</b> | <b>933.736</b> | <b>1.011.043</b> |
| Skuldir við innlánstofnanir og Sí  | 16.160         | 32.990         | 28.000         | 22.876         | 11.387           |
| Innlán frá viðskiptavinum          | 489.995        | 448.683        | 471.866        | 454.973        | 469.347          |
| Lántaka                            | 187.203        | 195.085        | 204.568        | 200.580        | 256.058          |
| Víkjandi lán                       | 32.105         | 34.220         | 31.918         | 31.639         | 10.365           |
| Aðrar skuldir                      | 52.100         | 58.819         | 57.551         | 61.456         | 61.992           |
| <b>Samtals skuldir</b>             | <b>777.563</b> | <b>769.797</b> | <b>793.903</b> | <b>771.524</b> | <b>809.149</b>   |
| Eigið fé hluthafa                  | 110.448        | 127.072        | 140.089        | 160.711        | 192.786          |
| Eigið fé minnihluta                | 4.110          | 3.806          | 4.858          | 1.501          | 9.108            |
| <b>Samtals eigið fé</b>            | <b>114.558</b> | <b>130.878</b> | <b>144.947</b> | <b>162.212</b> | <b>201.894</b>   |
| <b>Samtals skuldir og eigið fé</b> | <b>892.121</b> | <b>900.675</b> | <b>938.850</b> | <b>933.736</b> | <b>1.011.043</b> |

## ■ Íslandsbanki

Hagnaður Íslandsbanka nam 20,6 ma.kr. árið 2015 og dróst hagnaður bankans saman um 2,2 ma.kr. milli ára er hagnaðurinn nam 22,8,1 ma.kr. Afkoma grunnrekstrar eða reglulegs rekstrar batnaði milli rekstraráranna 2014 og 2015 en bæði hreinar vaxtatekjur og þóknatekjur jukust á milli ára. Hagnaður af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta nam 13,1ma.kr. árið 2015 en nam 11,7 ma.kr. árið áður. Hreinar vaxtatekjur jukust um 0,9 ma.kr. milli ára sem skýrist að hluta af aukinni verðbólgu milli ára, en verðtryggingarjöfnuður bankans er jákvæður og því hefur meiri verðbólga jákvæð áhrif á vaxtamun. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,86% árið 2015 en var 3,05% fyrir árið 2014. Þrátt fyrir að vaxtamunur hafi lækkað á milli ára þá jukust hreinar vaxtatekjur vegna aukinnar verðbólgu eins og áður segir og aukningu útlána, en þau jukust um 30 ma. kr. milli ára. Hreinar þóknatekjur jukust um 1,7 ma.kr. á milli ára á meðan reglulegur rekstarkostnaður jókst um 0,9 ma.kr. Aukning hreinna vaxtatekna á milli ára var nánast sú sama og aukning reglulegs rekstarkostnaðar og því var aukningin í afkomu af reglulegum rekstri fyrir skatta sú sama og aukningin í hreinum þóknatekjum. Megin útskýring lakari bókhaldslegrar afkomu árið 2015, þrátt fyrir styrkingu grunnrekstrar, liggur í samdrætti í einskíptisliðnum afkomu af aflagðri starfsemi, en árið 2014 nam þessi tekjuliður 4,1 ma. kr. en 1,3 ma.kr. fyrir árið 2015.

**Tafla 10: Reglulegur rekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)**

|  | 2011           | 2012           | 2013           | 2014           | 2015           |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Hreinar vaxtatekjur                              | 31.225         | 32.940         | 28.430         | 27.105         | 28.010         |
| Hreinar þjónustutekjur                           | 5.966          | 9.459          | 10.433         | 11.483         | 13.170         |
| <b>Samtals reglulegar tekjur</b>                 | <b>37.191</b>  | <b>42.399</b>  | <b>38.863</b>  | <b>38.588</b>  | <b>41.180</b>  |
| Laun og launatengd gjöld                         | -10.531        | -13.080        | -13.361        | -13.307        | -13.891        |
| Annar rekstrarkostnaður                          | -8.630         | -10.606        | -11.118        | -8.631         | -9.061         |
| Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna | -709           | -903           | -1.072         | -963           | -808           |
| Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda         | -965           | -1.055         | -1.016         | -1.055         | -1.067         |
| <b>Samtals reglulegur kostnaður</b>              | <b>-20.835</b> | <b>-25.644</b> | <b>-26.567</b> | <b>-23.956</b> | <b>-24.827</b> |
| <i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>      | <i>56,0%</i>   | <i>60,5%</i>   | <i>68,4%</i>   | <i>62,1%</i>   | <i>60,3%</i>   |
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta        | 16.356         | 16.755         | 12.296         | 14.632         | 16.353         |
| <b>Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta</b> | <b>13.085</b>  | <b>13.404</b>  | <b>9.837</b>   | <b>11.706</b>  | <b>13.082</b>  |
| <i>Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta</i>   | <i>13,4%</i>   | <i>12,4%</i>   | <i>7,9%</i>    | <i>8,4%</i>    | <i>8,6%</i>    |
| <i>Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta</i>   | <i>10,7%</i>   | <i>10,0%</i>   | <i>6,3%</i>    | <i>6,7%</i>    | <i>6,8%</i>    |

Hreinar fjármunatekjur Íslandsbanka námu 3,9 ma.kr. fyrir árið 2015 samanborið við 1,6 ma.kr. árið 2014. Afkoma af kjarnarekstri fyrir reiknaða skatta var því betri sem nam 4,0 ma.kr. fyrir árið 2015 en 2014. Afkoma af kjarnarekstri eftir skatta nam 16,2 m.kr. samanborið við 13,0 ma.kr árið 2014.

**Tafla 11: Kjarnarekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)**

|   | 2011          | 2012          | 2013          | 2014          | 2015          |
|---|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta   | 16.356        | 16.755        | 12.296        | 14.632        | 16.353        |
| Hreinar fjármunatekjur                      | 2.649         | 1.517         | 4.612         | 1.568         | 3.881         |
| Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta        | 19.005        | 18.272        | 16.908        | 16.200        | 20.234        |
| <b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatta</b> | <b>15.204</b> | <b>14.618</b> | <b>13.526</b> | <b>12.960</b> | <b>16.187</b> |
| <i>Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatta</i>  | <i>15,6%</i>  | <i>13,6%</i>  | <i>10,8%</i>  | <i>9,3%</i>   | <i>10,6%</i>  |
| <i>Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatta</i>  | <i>12,5%</i>  | <i>10,9%</i>  | <i>8,7%</i>   | <i>7,4%</i>   | <i>8,5%</i>   |
| <i>Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar</i>     | <i>52,3%</i>  | <i>58,4%</i>  | <i>61,1%</i>  | <i>59,7%</i>  | <i>55,1%</i>  |

**Tafla 12: Efnahagsreikningur Íslandsbanka (m.kr.)**

|                                    | 2011           | 2012           | 2013           | 2014           | 2015             |
|------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|------------------|
| Handbært fé og innstæður hjá Sí    | 57.992         | 85.500         | 111.779        | 103.389        | 216.760          |
| Lán til lánastofnana               | 43.655         | 54.043         | 44.078         | 35.072         | 35.534           |
| Lán til viðskiptavina              | 564.394        | 557.857        | 554.741        | 634.799        | 665.711          |
| Hlutabréf                          | 11.107         | 10.445         | 9.208          | 10.531         | 18.320           |
| Skuldabréf                         | 58.662         | 64.035         | 75.186         | 87.347         | 78.606           |
| Aðrir fjármálagerningar            | 339            | 127            | 843            | 1.810          | 1.981            |
| Aðrar eignir                       | 59.766         | 51.368         | 70.174         | 38.380         | 28.857           |
| <b>Samtals eignir</b>              | <b>795.915</b> | <b>823.375</b> | <b>866.009</b> | <b>911.328</b> | <b>1.045.769</b> |
| Skuldir við innlánstofnanir og Sí  | 62.845         | 38.272         | 29.689         | 25.796         | 25.631           |
| Innlán frá viðskiptavinum          | 462.943        | 471.156        | 489.331        | 529.447        | 593.245          |
| Lántaka                            | 63.221         | 66.571         | 89.193         | 96.889         | 150.308          |
| Víkjandi lán                       | 21.937         | 23.450         | 21.890         | 21.306         | 19.517           |
| Aðrar skuldir                      | 61.266         | 76.266         | 68.588         | 52.403         | 54.841           |
| <b>Samtals skuldir</b>             | <b>672.212</b> | <b>675.715</b> | <b>698.691</b> | <b>725.841</b> | <b>843.542</b>   |
| Eigið fé hluthafa                  | 122.794        | 146.405        | 166.019        | 183.823        | 198.290          |
| Eigið fé minnihluta                | 909            | 1.255          | 1.299          | 1.664          | 3.937            |
| <b>Samtals eigið fé</b>            | <b>123.703</b> | <b>147.660</b> | <b>167.318</b> | <b>185.487</b> | <b>202.227</b>   |
| <b>Samtals skuldir og eigið fé</b> | <b>795.915</b> | <b>823.375</b> | <b>866.009</b> | <b>911.328</b> | <b>1.045.769</b> |



## ■ Landsbankinn

Bókhaldsleg afkoma Landsbankans jókst milli ára 2014 og 2015 og nam hagnaður ársins 2015 36,5 ma.kr. samanborið við hagnað upp á 29,7 ma.kr. árið áður. Hagnaðaraukningin á milli ára á rætur sínar að rekja til nokkurra þátta. Hreinar vaxtatekjur jukust um 4,3 ma. kr. milli ára, hreinar þóknatekjur um 1,0 ma.kr. og hreinar fjármunatekjur um 6,0 ma. kr. á meðan virðisaukning útlána dróst saman um 2,7 ma.kr. Grunnrekstur eða reglulegur rekstur bankans styrktist því umtalsvert ára. Hagnaður bankans af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta nam 12,3 ma.kr. samanborið við 7,9 ma.kr. árið 2014 sem er, þrátt fyrir bætingu, þó lægra en afkoman af reglulegum rekstri árið 2013 sem nam 13,7 ma.kr. Hreinar vaxtatekjur bankans jukust sem fyrr segi um verulega milli ára eða um 4,3 ma.kr. Áhrifavaldar þessar aukningar eru helst að eiginfjárframlag ríkisins var í formi skuldabréfs sem ber vexti m.v. innlánsvexti innlánsstofnana hjá Seðlabanka og hækkuðu þeir úr 4,25% í lok árs 2014 í 5,50% á árinu 2015. Hreinar vaxtatekjur Landsbankans námu 32,3 ma.kr. árið 2015 samanborið til 28,1 ma.kr. árið 2014. Vaxtamunur jókst því umtalsvert milli ára. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu eigna nam 2,92% árið 2015 miðað við 2,5% árið 2014 og er kominn aftur nær því sem hann var á árunum 2011-2013 þegar hann nam 2,91-3,21%. Verðtryggingarjöfnuður bankans var jákvæður um 157,8 ma.kr. en hækkan vísitölu til verðtryggingar var 1,0% hærrí árið 2015 en 2014 og hafði einnig áhrif til aukningar á vaxtatekjum milli ára. Eins og fyrr segir nam afkoma reglulegs rekstrar eða grunnrekstrar bankans 12,3 ma.kr. samanborið við 7,9 m.kr. árið 2014 og arðsemi reglulegs rekstrar var hækkaði úr 3,2% fyrir árið 2014 í 4,8% árið 2015. Þrátt fyrir að arðsemin aukist milli ára þá telst þetta ennþá lítil arðsemi á það eigið fé sem ríkissjóður bindur í bankanum.

**Tafla 13: Reglulegur rekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)**

|  | 2011           | 2012           | 2013           | 2014           | 2015           |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Hreinar vaxtatekjur                              | 32.649         | 35.584         | 34.314         | 28.073         | 32.324         |
| Hreinar þjónustutekjur                           | 4.423          | 4.448          | 5.291          | 5.836          | 6.841          |
| <b>Samtals reglulegar tekjur</b>                 | <b>37.072</b>  | <b>40.032</b>  | <b>39.605</b>  | <b>33.909</b>  | <b>39.165</b>  |
| Laun og launatengd gjöld                         | -11.990        | -13.176        | -12.613        | -13.567        | -13.754        |
| Annar rekstrarkostnaður                          | -8.467         | -8.878         | -8.005         | -8.545         | -8.061         |
| Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna | -771           | -719           | -818           | -942           | -663           |
| Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda         | -583           | -1.042         | -1.079         | -1.034         | -1.254         |
| <b>Samtals reglulegur kostnaður</b>              | <b>-21.811</b> | <b>-23.815</b> | <b>-22.515</b> | <b>-24.088</b> | <b>-23.732</b> |
| <i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>      | <i>58,8%</i>   | <i>59,5%</i>   | <i>56,8%</i>   | <i>71,0%</i>   | <i>60,6%</i>   |
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta        | 15.261         | 16.217         | 17.090         | 9.821          | 15.433         |
| <b>Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta</b> | <b>12.209</b>  | <b>12.974</b>  | <b>13.672</b>  | <b>7.857</b>   | <b>12.346</b>  |
| <i>Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta</i>   | <i>8,0%</i>    | <i>7,6%</i>    | <i>7,3%</i>    | <i>4,0%</i>    | <i>6,0%</i>    |
| <i>Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta</i>   | <i>6,4%</i>    | <i>6,1%</i>    | <i>5,9%</i>    | <i>3,2%</i>    | <i>4,8%</i>    |

Hlutfallslega hefur vægi fjármunatekna verið mun hærra hjá Landsbankanum en hinum bönkunum, enda bindur hann mun hærra hlutfall eigna í fjármálagerningum. Síðastliðin fimm ár hefur Landsbankinn bundið að meðaltali 21,0% eigna sinna í fjármálagerningum en sama hlutfall fyrir hina bankana er 13,8% hjá Arion banka og 10,8% hjá Íslandsbanka. Í lok árs 2015 námu fjármálagerningar 20,5% af eignum Landsbankans. Fjármunatekjur Landsbankans tæplega tvöfölduðust milli ára 2014 og 2015 vegna hagfelldari þróunar á verðbréfamörkuðum og námu 12,7 ma.kr. miðað við 6,8% árið áður. Aukning varð því í afkomu kjarnarekstrar Landsbankans milli ára og nam afkoma kjarnarekstrar eftir reiknaða skatta 22,5 ma.kr. samanborið við 13,3 ma.kr. árið áður. Arðsemi kjarnarekstar eftir

reiknaða skatta fór því úr 5,4% árið 2014 í 8,7% fyrir 2015. Þrátt fyrir þessa hækkun þá er arðsemi kjarnarekstar lægri en hún var á árunum 2001-2013 þegar hún lá á bilinu 9,1-14,1%.

**Tafla 14: Kjarnarekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)**

|   | 2011          | 2012          | 2013          | 2014          | 2015          |
|---|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta   | 15.261        | 16.217        | 17.090        | 9.821         | 15.433        |
| Hreinar fjármunatekjur                      | 18.468        | 7.872         | 10.551        | 6.762         | 12.726        |
| Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta        | 33.729        | 24.089        | 27.641        | 16.583        | 28.159        |
| <b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatta</b> | <b>26.983</b> | <b>19.271</b> | <b>22.113</b> | <b>13.266</b> | <b>22.527</b> |
| Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatta         | 17,6%         | 11,3%         | 11,9%         | 6,7%          | 10,9%         |
| Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatta         | 14,1%         | 9,1%          | 9,5%          | 5,4%          | 8,7%          |
| Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar            | 39,3%         | 49,7%         | 44,9%         | 59,2%         | 45,7%         |

**Tafla 15: Efnahagsreikningur Landsbankans (m.kr.)**

|                                    | 2011             | 2012             | 2013             | 2014             | 2015             |
|------------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Handbært fé og innstæður hjá Sí    | 8.823            | 25.898           | 21.520           | 10.160           | 25.164           |
| Lán til lánastofnana               | 100.133          | 64.349           | 67.916           | 49.789           | 20.791           |
| Lán til viðskiptavina              | 639.130          | 666.087          | 680.468          | 718.355          | 811.549          |
| Hlutabréf                          | 46.037           | 36.881           | 36.275           | 29.433           | 29.192           |
| Skuldabréf                         | 221.848          | 228.208          | 290.595          | 243.589          | 203.684          |
| Aðrir fjármálagerningar            | 159              | 1.043            | 654              | 78               | 287              |
| Aðrar eignir                       | 119.352          | 62.321           | 54.088           | 46.966           | 27.991           |
| <b>Samtals eignir</b>              | <b>1.135.482</b> | <b>1.084.787</b> | <b>1.151.516</b> | <b>1.098.370</b> | <b>1.118.658</b> |
| Skuldir við innlánstofnanir og Sí  | 112.876          | 98.718           | 167.218          | 53.827           | 56.731           |
| Innlán frá viðskiptavinum          | 443.590          | 421.058          | 456.662          | 551.435          | 559.051          |
| Lántaka                            | 277.076          | 221.791          | 239.642          | 207.028          | 209.344          |
| Víkjandi lán                       | 0                | 0                | 0                | 0                | 639              |
| Aðrar skuldir                      | 101.696          | 118.054          | 46.635           | 35.277           | 28.362           |
| <b>Samtals skuldir</b>             | <b>935.238</b>   | <b>859.621</b>   | <b>910.157</b>   | <b>847.567</b>   | <b>854.127</b>   |
| Eigið fé hluthafa                  | 199.631          | 225.071          | 241.366          | 250.803          | 264.501          |
| Eigið fé minnihluta                | 613              | 95               | -7               | 0                | 30               |
| <b>Samtals eigið fé</b>            | <b>200.244</b>   | <b>225.166</b>   | <b>241.359</b>   | <b>250.803</b>   | <b>264.531</b>   |
| <b>Samtals skuldir og eigið fé</b> | <b>1.135.482</b> | <b>1.084.787</b> | <b>1.151.516</b> | <b>1.098.370</b> | <b>1.118.658</b> |

## ■ Sparisjóður Austurlands hf.

Sparisjóður Austurlands hf. skilaði bókhaldslegri afkomu e. skatt að fjárhæð 25,4 m.kr.

Heildareignir sjóðsins voru í árslok 6.057,8 m.kr. en voru 5.602,1 m.kr. í árslok 2014 og jukust um 455,6 m.kr. á milli ára. Bókfært eigið fé sjóðsins í lok árs nam 726,7 m.kr. og eiginfjárlutfall sjóðsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 23,0%. Til samanburðar nam eigið fé sjóðsins 700,9 m.kr. á síðasta ári og eiginfjárlutfallið var 21,7%. Eiginfjárfrafan sem Fjármálaeftirlitið gerir til sjóðsins er í dag 16,9% en mun hækka í áföngum fram í janúar 2019 og verður þá 20,7%.

Hluthafar voru 93 í lok árs og nam hlutafé sparisjóðsins 700,9 m.kr. Bankasýsla ríkisins fer með 49,5% hlutafjár og skipar tvo aðalmenn og einn varamann.

Hreinar vaxtatekjur voru 211,2 m.kr. og lækka um 8,2 m.kr. á milli ára. Vaxtamunur sjóðsins fer úr 4,0% í 3,6%. Hreinar þjónustutekjur námu 33,2 m.kr. en voru 32,5 m.kr. árið áður. Aðrar rekstrartekjur hækka úr 18,4 m.kr. í 19,4 m.kr. á milli ára.

Launakostnaður lækkar á milli ára og er 76,8 m.kr. en var 78,2 m.kr. árið áður. Á árinu störfuðu 7,0 starfsmenn hjá sparisjóðnum í 6,6 stöðugildum. Annar rekstrarkostnaður hækkar og er 131,7 m.kr. en var 122,9 m.kr. árið áður.

Afkoma reglulegs rekstrar fyrir skatt var 51,5 m.kr. en var 64,8 m.kr. árið áður.

Kostnaðarlutfall var 81,3% en kostnaðarlutfall reglulegs rekstrar var 80,5%. Sambærilegar tölur frá fyrra ári voru 71,7% og 76,0%. Kostnaður á móti meðalstöðu heildareigna var 3,6% en var 3,8% árið áður.

**Tafla 16: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.):**

|                                    | 2015             | 2014             | 2013             | 2012             | 2011             |
|------------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Sjóður og innstæður í Sí           | 2.175.047        | 1.878.898        | 1.485.644        | 1.219.180        | 907.495          |
| Útlán til lánastofnana             | 270.575          | 330.011          | 361.436          | 412.169          | 369.861          |
| Útlán til viðskiptavina            | 3.214.274        | 2.948.897        | 2.972.555        | 2.568.135        | 2.649.177        |
| Fullnustueignir                    | 100.000          | 149.100          | 85.000           | 101.050          | 110.430          |
| Skuldabréf                         | 33.246           | 35.132           | 77.829           | 656.651          | 897.919          |
| Hlutabréf                          | 17.333           | 39.663           | 46.897           | 38.504           | 17.672           |
| Hlutdeildarfélag                   | 0                | 0                | 0                | 0                | 16.830           |
| Aðrar eignir                       | 247.287          | 220.425          | 228.034          | 246.201          | 260.936          |
| <b>Eignir samtals</b>              | <b>6.057.762</b> | <b>5.602.126</b> | <b>5.257.395</b> | <b>5.241.890</b> | <b>5.230.320</b> |
| Innlán viðskiptavina               | 5.266.364        | 4.784.219        | 4.450.448        | 4.447.498        | 4.427.685        |
| Lántaka                            | 0                | 0                | 0                | 0                | 0                |
| Víkjandi lán                       | 0                | 65.328           | 88.525           | 124.428          | 130.523          |
| Aðrar skuldir                      | 64.668           | 51.692           | 68.950           | 72.377           | 93.740           |
| <b>Skuldir samtals</b>             | <b>5.331.032</b> | <b>4.901.239</b> | <b>4.607.923</b> | <b>4.644.303</b> | <b>4.651.948</b> |
| Hlutafé                            | 700.887          | 649.472          | 625.799          | 625.799          | 625.799          |
| Lögbundinn varasjóður              | 2.584            |                  |                  |                  |                  |
| Óráðstafað eigið fé                | 23.259           | 51.415           | 23.673           | -28.212          | -47.427          |
| <b>Eigið fé samtals</b>            | <b>726.730</b>   | <b>700.887</b>   | <b>649.472</b>   | <b>597.587</b>   | <b>578.372</b>   |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> | <b>6.057.762</b> | <b>5.602.126</b> | <b>5.257.395</b> | <b>5.241.890</b> | <b>5.230.320</b> |

**Tafla 17: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.):**

|   | 2015           | 2014           | 2013           | 2012           | 2011           |
|---|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Hreinar vaxtatekjur                           | 211.245        | 219.473        | 193.530        | 168.080        | 150.892        |
| Hreinar þjónustutekjur                        | 33.163         | 32.501         | 28.824         | 27.878         | 23.784         |
| Aðrar rekstrartekjur                          | 19.421         | 18.438         | 21.167         | 14.501         | 17.613         |
| <b>Samtals reglulegar tekjur</b>              | <b>263.829</b> | <b>270.412</b> | <b>243.521</b> | <b>210.459</b> | <b>192.289</b> |
| Laun og launatengd gjöld                      | 76.789         | 78.195         | 67.443         | 77.250         | 76.811         |
| Annar rekstrarkostnaður                       | 131.676        | 122.851        | 111.248        | 110.727        | 112.222        |
| Afskriftir rekstrarfjármuna                   | 3.824          | 4.519          | 3.519          | 2.881          | 4.059          |
| <b>Samtals reglulegur kostnaður</b>           | <b>212.289</b> | <b>205.565</b> | <b>182.210</b> | <b>190.858</b> | <b>193.092</b> |
| <i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>   | <i>80,5%</i>   | <i>76,0%</i>   | <i>74,8%</i>   | <i>90,7%</i>   | <i>100,4%</i>  |
| Hagnaður (tap) f. skatt                       | 51.540         | 64.847         | 61.311         | 19.601         | -803           |
| <b>Hagnaður (tap) e. skatt</b>                | <b>41.232</b>  | <b>51.878</b>  | <b>49.049</b>  | <b>15.681</b>  | <b>-642</b>    |
| <i>Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt</i> | <i>8,3%</i>    | <i>10,4%</i>   | <i>9,8%</i>    | <i>3,3%</i>    | <i>-0,1%</i>   |
| <i>Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt</i> | <i>6,6%</i>    | <i>8,3%</i>    | <i>7,9%</i>    | <i>2,5%</i>    | <i>-0,1%</i>   |

**Tafla 18: Kjarnarekstur Sparisjóðs Austurlands hf. ses. (fjárhæðir í þús. kr.):**

|  | 2015          | 2014          | 2013           | 2012          | 2011          |
|--|---------------|---------------|----------------|---------------|---------------|
| Hagnaður (tap) af reglulegum rekstri fyrir skatt   | 51.540        | 64.847        | 61.311         | 19.601        | -803          |
| Fjármunatekjur                                     | 17.590        | 17.590        | 41.849         | 18.965        | 30.208        |
| <b>Hagnaður (tap) af kjarnarekstri fyrir skatt</b> | <b>69.130</b> | <b>82.437</b> | <b>103.160</b> | <b>38.566</b> | <b>29.405</b> |
| <b>Hagnaður (tap) af kjarnarekstri eftir skatt</b> | <b>55.304</b> | <b>65.950</b> | <b>82.528</b>  | <b>30.853</b> | <b>23.524</b> |
| <i>Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt</i>          | <i>11,1%</i>  | <i>13,2%</i>  | <i>16,5%</i>   | <i>6,6%</i>   | <i>5,0%</i>   |
| <i>Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt</i>          | <i>8,9%</i>   | <i>10,6%</i>  | <i>13,2%</i>   | <i>5,2%</i>   | <i>4,0%</i>   |
| <i>Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar</i>            | <i>75,4%</i>  | <i>71,4%</i>  | <i>63,9%</i>   | <i>83,2%</i>  | <i>86,8%</i>  |

**Tafla 19: Lykiltölur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.):**

|   | 2015      | 2014      | 2013      | 2012      | 2011      |
|---|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Bókhaldsleg afkoma eftir skatt          | 25.843    | 51.415    | 51.883    | 19.216    | -12.179   |
| Arðsemi bókhaldslegrar afkomu e. skatt  | 3,6%      | 7,6%      | 8,3%      | 3,3%      | -2,1%     |
| Vaxtamunur                              | 3,6%      | 4,0%      | 3,7%      | 3,2%      | 2,9%      |
| Kostnaður/Meðalstaða heildareigna       | 3,6%      | 3,8%      | 3,5%      | 3,6%      | 3,7%      |
| Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu | 81,3%     | 71,7%     | 66,8%     | 78,8%     | 84,5%     |
| CAD eiginfjárlutfall                    | 23,0%     | 21,7%     | 19,2%     | 18,6%     | 18,2%     |
| Heildareignir                           | 6.057.762 | 5.602.126 | 5.257.395 | 5.241.890 | 5.230.320 |